

Umhverfisskýrsla 2006



Útgefandi: Vegagerðin

Ritstjórn: Matthildur B. Stefánsdóttir

Tölvupóstfang: mbs@vegagerdin.is

Myndir: Auðunn Hálfðanarson, Einar Friðbjörnsson, Erlingur Freyr Jensson, K. Eiríkur Bóasson, Matthildur B. Stefánsdóttir, Sveinn Ingi Lýðsson og Valgeir Steinn Kárason.

Forsíðumynd: Vesturós Héraðsvatna 2006. Valgeir Steinn Kárason.

Faglegur yfirlestur: VSÓ ráðgjöf.

Endurskoðun græns bókhalds: Línuhönnun.

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	5
1.1	Um Vegagerðina.....	5
1.2	Umhverfisstefna Vegagerðarinnar	6
1.3	Ávarp vegamálastjóra.....	7
2	Umhverfispættir í rekstri Vegagerðarinnar.....	8
2.1	Útstreymi gróðurhúsalofttegunda	9
2.1.1	<i>Losun á koltvísýringi frá bílaflota, vinnuvélum og tækjum</i>	<i>9</i>
2.1.2	<i>Aðgerðir sem gætu dregið úr losun CO₂ í náinni framtíð.....</i>	<i>9</i>
2.2	Úrgangur.....	10
2.2.1	<i>Pappír, timbur, málmar og annar úrgangur</i>	<i>10</i>
2.2.2	<i>Rafeindatæki</i>	<i>10</i>
2.2.3	<i>Húsgögn og aðrir nytjahlutir.....</i>	<i>11</i>
2.3	Efnanotkun	11
2.3.1	<i>Hálkuvarnir</i>	<i>11</i>
2.3.2	<i>Rykbinding</i>	<i>11</i>
2.3.3	<i>Þvottur á vegstikum og skiltum.....</i>	<i>12</i>
2.4	Hráefna- og auðlindanotkun	12
2.4.1	<i>Vatn og orka</i>	<i>12</i>
2.4.2	<i>Pappír.....</i>	<i>13</i>
2.5	Vinnuumhverfi vegagerðarfólks	14
2.5.1	<i>Öryggisstjórnunarkerfi Vegagerðarinnar.....</i>	<i>14</i>
2.5.2	<i>Áhættumat og vinnuhópur um öryggisstefnu</i>	<i>14</i>
2.5.3	<i>Aðgerðir og fræðsla í öryggismálum</i>	<i>14</i>
2.5.4	<i>Fræðsla í umhverfismálum</i>	<i>15</i>
3	Umhverfispættir sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdum og samgöngum.....	16
3.1	Loftmengun	16
3.1.1	<i>Losun CO₂ frá umferð á vegum</i>	<i>16</i>
3.1.2	<i>Aðgerðir til að draga úr losun CO₂ frá umferð á vegum</i>	<i>17</i>
3.1.3	<i>Svifryksmengun</i>	<i>17</i>
3.1.3.1	<i>Aðgerðir gegn svifryksmengun</i>	<i>18</i>
3.2	Röskun lands vegna nýlagna.....	19
3.2.1	<i>Tilfærsla jarðefna og landmótun.....</i>	<i>19</i>
3.2.2	<i>Votlendi.....</i>	<i>21</i>
3.2.3	<i>Skóglendi.....</i>	<i>22</i>
3.2.4	<i>Frágangur eldri efnisnáma</i>	<i>22</i>
3.2.5	<i>Uppgræðsla</i>	<i>23</i>
3.3	Efnanotkun vegna framkvæmda.....	23
3.3.1	<i>Asfalt.....</i>	<i>23</i>
3.3.2	<i>Terpentína.....</i>	<i>24</i>
3.3.3	<i>Aðgerðir til að draga úr notkun terpentínu</i>	<i>25</i>
3.3.4	<i>Viðloðunarefni.....</i>	<i>25</i>
3.3.5	<i>Vegmálning.....</i>	<i>25</i>

4 Samfélagsþættir	27
4.1 Umferðaröryggi	27
4.1.1 <i>Slys</i>	27
4.1.2 <i>Verkefni sem stuðla eiga að auknu umferðaröryggi</i>	27
4.2 Byggðamál.....	28
4.3 Styrkir og rannsóknir.....	28
4.4 Mat á umhverfisáhrifum.....	28
4.4.1 <i>Umhverfismat samgönguáætlunar</i>	28
4.4.2 <i>Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda</i>	29
4.5 <i>Viðurkenningar vegna hönnunar og frágangs</i>	30
Viðaukar	32
I Ársskýrslur umhverfis- og öryggisnefnda 2006.....	33
II Nefndir og hópar	43
II Nefndir og hópar	43
III Yfirlit um námufrágang.....	47
IV Starfsleyfi	48
V Umhverfis- og samfélagsverkefni sem fengu úthlutað úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar 2006	49
VI Árangursmarkmið.....	51

1 Inngangur

1.1 Um Vegagerðina

Vegagerðin sér samfélaginu fyrir vegakerfi í samræmi við þarfir þess og veitir þjónustu sem miðar að greiðri og öruggri umferð. Helstu verkefni Vegagerðarinnar eru nýbygging vega, viðhald þeirra og þjónusta af ýmsum toga.

Við gerð vega og viðhald þeirra er lögð sérstök áhersla á öryggi vegfarenda. Vegagerðin leggur áherslu á að taka sem mest tillit til óska vegfarenda og er góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa meginmarkmið í gæðastefnu Vegagerðarinnar. Leitast er við að halda mengun í lágmarki og sýna náttúru og minjum tillitsemi.

Vegagerðin hefur aðsetur á nítján stöðum á landinu. Vegagerðin skiptist í miðstöð og fjögur svæði. Miðstöð Vegagerðarinnar er í Borgartúni í Reykjavík en þar er yfirstjórn hennar með skrifstofu vegamálastjóra og stjórnsýslu sem skiptist í þrjú meginsvið: framkvæmdasvið, þróunarsvið og stjórnsýslusvið. Utan svæðismiðstöðvar suðvestursvæðis í Reykjavík eru svæðismiðstöðvar á Selfossi, í Borgarnesi og á Akureyri. Þá rekur Vegagerðin svæðisstöðvar á Reyðarfirði, Sauðárkróki og Ísafirði auk þjónustustöðva í Hafnarfirði, Ólafsvík, Búðardal, á Patreksfirði, Hólmavík, Hvammstanga, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafirði, í Fellabæ, á Höfn og í Vík, auk þess eru vélaverkstæði rekin í Borgarnesi, á Ísafirði og Reyðarfirði. Fastir starfsmenn voru 320 í árslok 2006.

Umhverfisskýrsla Vegagerðarinnar er nú í fyrsta skipti aðeins gefin út í rafrænni útgáfu á heimasíðu, vegagerdin.is. Þetta er gert vegna ábendinga frá mörgum starfsmönnum Vegagerðarinnar, í því skyni að spara pappír og fé.



Mynd 1. Skipting landsins í vegagerðarsvæði og þjónustusvæði, auk svæðismiðstöðva, svæðisstöðva, þjónustustöðva og vélaverkstæða Vegagerðarinnar.

1.2 Umhverfisstefna Vegagerðarinnar

Meginmarkmið umhverfisstefnu Vegagerðarinnar er góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.

Til að ná meginmarkmiði sínu í umhverfismálum hefur Vegagerðin sett sér eftirfarandi umhverfisstefnu:

- Að setja mælanleg markmið varðandi umhverfismál og endurskoða þau með hliðsjón af árangri, setja nauðsynlegar verklagsreglur og fylgja þeim eftir.
- Að vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum í anda sjálfbærrar þróunar.
- Að haga starfseminni í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál.
- Að efla umhverfisvitund og áhuga starfsmanna á mikilvægi umhverfismála.
- Að taka tillit til umhverfisáhrifa við innkaup á aðföngum.
- Að fara sparlega með auðlindir og farga úrgangi með sem minnstum umhverfisspjöllum.
- Að kynna verktökum, birgjum, vegfarendum og stjórnvöldum stefnu Vegagerðarinnar í umhverfismálum.
- Að endurskoða umhverfisstefnuna á tveggja ára fresti.

Meginmarkmið Vegagerðarinnar voru endurskilgreind á árinu 2005. Mælikvarðar vegna meginmarkmiðsins góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa árið 2006 voru 9. Markmið náðust 5 tilvikum, viðunandi árangur náðist í 1 tilviki en markmið náðust ekki í 3 tilvikum. Heildarniðurstöður teljast viðunandi. Sjá nánar í viðauka VI.



Mynd 2. Umhverfisdagur starfsmanna Vegagerðarinnar á Norðurlandi vestra. Gönguferð um gamla reiðleið úr Siglufjarðarskarði að Hrauni. VK.

1.3 Ávarp vegamálastjóra

Á þessu ári eru liðin tíu ár síðan fyrst var samþykkt formleg stefna í umhverfismálum hjá Vegagerðinni. Fimm árum áður hafði verið skipaður sérstakur vinnuhópur um umhverfismál og má raunar fullyrða að löngu fyrr hafi vegagerðarmenn verið meðvitaðir um að umgangast bæri umhverfið með virðingu.

Í fyrstu umhverfisstefnu Vegagerðarinnar voru ákvæði um það að koma ætti á og viðhalda umhverfisstjórnunarkerfi sem byggði á virkri þátttöku starfsmanna um alla stofnunina. Var í framhaldinu komið á laggirnar umhverfisnefndum í öllum umdæmum Vegagerðarinnar sem m.a. var ætlað að fylgjast með framgangi umhverfismála í umdæminu. Nefndirnar áttu einnig að hafa frumkvæði um tillögur varðandi aðgerðir á sviði umhverfismála.

Umhverfisnefndirnar hafa síðan verði starfræktar og hefur raunar öryggismálum verið bætt við starfssvið þeirra. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem nú starfa og starfað hafa í nefndunum undanfarinn áratug.

Eins og sést við lestur núgildandi umhverfisstefnu Vegagerðarinnar, sem birt er í skýrslu þessari, er að mörgu að hyggja varðandi umhverfismál hjá stofnun eins og Vegagerðinni. Sjaldnast er unnt að ná árangri með fljótvirkum hætti og má vel líkja starfi að þessum málum við langhlaup þar sem mikilvægt er að tapa ekki sýn á markið og trú á að unnt sé að ná því og bæta fyrri árangur. Til þess að það takist er áriðandi „að efla umhverfisvitund og áhuga starfsmanna á mikilvægi umhverfismála“ svo vitnað sé í eitt atriði umhverfisstefnunnar. Jafnframt er áriðandi að gæta þess að vinnuumhverfi starfsfólks sé sem best og öruggast en um það er nokkuð fjallað í skýrslu þessari.

Við sem hjá Vegagerðinni störfum munum áfram þreyta þetta hlaup og kappkosta að starfsemi okkar sé í sem bestri sátt við umhverfið.

Jón Rögnvaldsson



Mynd 3. Áningarstaður á Snæfellsnesi í ágúst 2006. MBS.

2 Umhverfispættir í rekstri Vegagerðarinnar

Vegagerðin vill geta metið og lágmarkað umhverfisáhrif starfseminnar og metið árangur af umhverfisstarfi, aukið umhverfisvitund starfsmanna og stuðlað að betri nýtingu hráefna. Til þess að það megi takast hefur Vegagerðin vakt að helstu umhverfispætti í starfseminni og fært í grænt bókhald. Vegagerðinni er þó ekki skylt að færa grænt bókhald skv. lögum.

Helstu umhverfispættir í rekstri Vegagerðarinnar eru:

-
- **Útstreymi gróðurhúsalofttegunda**
 - frá bílaflota
 - frá vinnuvélum
 - frá varaafstöðvum
 - **Úrgangur**
 - til endurvinnslu
 - í urðun
 - spilliefni
 - **Vatn og orka**
 - hitaveita
 - rafmagn
 - vatn
 - **Efnanotkun**
 - hálkuvarnir
 - rykbinding
 - þvottur á stikum og skiltum
-



Mynd 4. Á Snæfellsnesi í ágúst 2006. MBS.

2.1 Útstreymi gróðurhúsalofttegunda

2.1.1 Losun á koltvísyringi frá bílafloata, vinnuvélum og tækjum

Vegagerðin átti 126 bifreiðar 104 vinnuvélar og sex varaafstöðvar í árslok 2006. Bifreiðum hefur fækkað um 4 frá fyrra ári og eina vinnuvél. Olíuafgreiðslubúnaður er í notkun á 11 stöðum.

Vegagerðin notaði tæplega 869 þús. lítra af dísilolíu, litaðri og ólitaðri, á bíla og tæki og um 56 þús. lítra af bensíni á smábíla á árinu 2006. Notkun vinnuvéla er stærsti liðurinn í losun koltvísyrings (CO₂) í eigin rekstri Vegagerðarinnar 1.566 tonn á árinu en útblástur frá fólksbílum var samtals 906 tonn CO₂.

Tafla 1. Eldsneytisnotkun og losun CO₂ frá bifreiðum og tækjum árið 2006

Tæki	Eldsneyti	lítrar	CO ₂ (tonn)
Vinnuvélar og vörubílar	Dísilolía	429.087	1.566
Fólksbílar	Dísilolía	287.794	776
Fólksbílar	Bensín	56.186	130
Samtals		924.811	2.473

Tafla 1. Eldsneytisnotkun og losun CO₂ frá bifreiðum og tækjum árið 2006.

2.1.2 Aðgerðir sem gætu dregið úr losun CO₂ í náinni framtíð

2.1.2.1 Vistvænir bílar

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beina þeim tilmælum til allra ríkisstofnana, þar með talið Vegagerðarinnar, að við endurnýjun á bifreiðum í eigu ríkisins verði almennt keyptar vistvænar útfærslur af bílum.

Er að því stefnt að í lok árs 2008 verði 10% bifreiða í eigu ríkisins knúnar vistvænum orkugjöfum. 20% í lok árs 2010 og 35% í lok árs 2012. Jafnframt hefur vörugjald af metanbílum verið fellt niður tímabundið fram til ársloka 2009 í því skyni að hvetja enn frekar til notkunar á vistvænum bílum

2.1.2.2 Skógrækt

Vegagerðin þyrfti að gróðursetja um 23 þúsund tré á ári næstu 55 árin, samtals um 1.265 þúsund tré á um 562 hektara, til að vega upp á móti núverandi losun CO₂, sem var um 2.470 tonn á síðasta ári. Kostnaður vegna þessa væri um 3,5 milljónir króna á ári samkvæmt útreikningum reiknivélar á kolviður.is.

2.1.2.3 Hreyfilhitarar

Á nokkrum bílastæða Vegagerðarinnar í Borgartúni eru rafmagnsinnstungur ætlaðar til nota fyrir hreyfilhitara/mótorhitara. Þessar innstungur hafa hingað til ekki verið mikið notaðar.

Samkvæmt Félagi íslenskra bifreiðaeigenda eru hreyfilhitarar mjög góð fjárfesting sem skilar sér fljótt. Rétt notaður hreyfilhitari dragi úr bensíneyðslu, mengun og vélarhliti. Rannsóknir hafa sýnt að við ákjósanlegan vélarhlita eyðir fólksbíll 0,5 l á fyrstu 5 km, á meðan vélarhliti við frostmark leiðir af sér 1,6 l eyðslu fyrstu 5 km.

Lagt verður til að Vegagerðin setji hreyfilhitara í eina af sínum bifreiðum til reynslu.

2.2 Úrgangur

2.2.1 Pappír, timbur, málmar og annar úrgangur

Gæðapappír og dagblöðum hefur verið safnað í nokkur ár, í miðstöð í Borgartúni 7 og á Suðvestursvæði Vegagerðarinnar í Borgartúni 5, og komið til endurvinnslu. Sérsmíðuð ílát eru fyrir pappírinn á göngum eða við prentara og ákveðnir starfsmenn koma pappírnum í gám. Þetta hefur gengið vel. Vegagerðin hefur á leigu tvískiptan gám frá Gámaþjónustunni sem er staðsettur í porti Vegagerðarinnar í Borgartúni. Á árinu 2006 voru losuð 750 kg af gæðapappír og 1.170 kg af dagblöðum í Reykjavík en 810 kg af dagblöðum á Akureyri.

Vegagerðin á Höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri hafa skilað ýmsum úrgangi til Gámaþjónustunnar. Grófur og blandaður úrgangur er baggaður og urðaður, blandað timbur er tætt og notað til landmótunar og málmar eru tættir og sendir til endurvinnslu.

Aðstaða til flokkunar er ekki jöfn allsstaðar á landinu og mjög mismunandi hve vel sveitarfélög hafa staðið að flokkun úrgangs.

Í töflu 2 kemur fram samanburður á magni úrgangs í einstökum efnisflokkum fyrir árin 2005 og 2006. Nokkur breyting hefur orðið innan úrgangsflokka milli ára. Mun minna fer af pappír til endurvinnslu nú en árið áður, væntanlega vegna minni pappírnotkunar. Skýringin á öðrum breytingum er einkum að viðkomandi úrgangur fellur til vegna tímabundinna verkefna og framkvæmda en fellur ekki til jafnt og þétt vegna rekstursins, einnig vegna þess að skráning er smám saman að batna með færslu græns bókhalds. Málmar og bylgjupappi bættust t.d. við á árinu í Borgartúni. Vegagerðin í Borgartúni fékk kar fyrir bylgjupappa og endurvinnslutunnu seint á árinu. Í endurvinnslutunnuna mega fara mjólkurfernur, rafhlöður, ýmsar tegundir plasts, s.s. einangrunarplast o.fl., nánari upplýsingar er á www.gamar.is.

Vegagerðin stefnir að því að birta upplýsingar um losun úrgangs fyrir allar svæðisstöðvar sínar á komandi árum.

	2005	2006
Tafla 2. Úrgangur til Gámaþjónustunnar	samtals kg	samtals kg
Gæðapappír	1.115	750
Dagblöð og tímarit	1.410	1.980
Blandaður úrgangur	12.410	22.670
Grófur úrgangur	30.200	12.490
Málmar	0	12.810
Bylgjupappi	0	240

Tafla 2. Úrgangur til Gámaþjónustunnar.

2.2.2 Rafeindatæki

Upplýsingatæknideild ráðstafaði til endurnýtingar, endurvinnslu eða förgunar 62 tölvum, 37 tölvuskjám og 13 jaðartækjum, aðallega prenturum og skönnum. Magn sveiflast milli ára vegna endurnýjunar búnaðar.

Tafla 3. Rafeindatæki til endurnýtingar, endurvinnslu eða förgunar	2005	2006
Tölvur	14	69
Tölvuskjái	28	37
Jaðartæki	9	13

Tafla 3. Rafeindatæki til endurnýtingar, endurvinnslu eða förgunar.

2.2.3 Húsgögn og aðrir nytjahlutir

Nothæfum hlutum er safnað saman af rekstrardeild og ráðstafað til endurnýtingar og má segja að hver hlutur sé nýttur út í hið óendanlega. Góð húsgögn eru geymd á lager þar til not eru fyrir þau. Vel hefur gengið að ráðstafa nothæfum hlutum innan stofnunarinnar. Ekki er haldin skrá yfir hvernig hlutum er ráðstafað.

2.3 Efnanotkun

2.3.1 Hálkuvarnir

Vegagerðin notar salt og sand til hálkuvarna á þjóðvegum. Í grænu bókhaldi fyrri ára hafa aðeins verið birtar tölur yfir það magn salts og sands sem rekstrardeild Vegagerðarinnar hefur keypt inn. Nokkuð er þó um að svæðisstöðvar Vegagerðarinnar kaupi salt og sand beint frá öðrum aðilum svo sem salt frá fiskverkunarstöðvum. Þessi innkaup voru einnig dregin saman fyrir árið 2006 og bætt við tölur rekstrardeildar til að fá heildarinnkaup. Heildarnotkun á salti og sandi til hálkuvarna var því sem hér segir:

Tafla 4. Salt til hálkuvarna (tonn)	2005	2006
Innkaup rekstrardeildar		3.900
Innkaup á svæðum		10.261
Innkaup rekstrardeildar og SV-svæðis	11.400	
Samtals	11.400¹	14.161

Tafla 4. Salt til hálkuvarna árið 2006.

2.3.2 Rykbinding

Kalsíumklóríð ($CaCl$), magnesíumklóríð ($MgCl$) og Dustex eru mest notuðu efnin til rykbindingar. Á árinu 2006 notaði Vegagerðin 85 tonn af kalsíum/magnesíumklóríði og 93 tonn af Dustex.

Tafla 5. Rykbindiefni (tonn)	2005	2006
Kalsíum / magnesíumklóríð	75	85
Dustex	131	93

Tafla 5. Notkun rykbindiefna 2006.

Fram til þessa hafa salt og kalsíumklóríð verið mest notuð til rykbindingar. Magnesíumklóríð hefur verið notað í minna mæli vegna kostnaðar. Þegar velja á efni til rykbindingar verður að meta aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Salt er ódýrt efni með eiginleika sem henta ágætlega við aðstæður þar sem veðurfar er rysjótt og efnisgæði í vegi léleg. Salt leysist hægar upp en kalsíumklóríð og endist því betur. Efnin eru öll vatnsleysanleg. Eftir að vegur hefur verið rykbundinn fer það eftir veðurfari, gæðum malarefna í yfirborði, rykbindiefnum og umferð hve lengi rykbinding endist².

Dustex er umhverfisvænt rykbindiefni unnið úr trjáafurðum og er að grunni til bindiefnið lignín, eigið bindiefni náttúrunnar. Dustex er hættulaust hvort sem er fyrir menn eða dýr og þarf engan sérstakan hlífðarbúnað þegar unnið er með efnið. Helsti ókosturinn við Dustex út frá umhverfissjónarmiðum er sá að efnið er innflutt.

¹ Vantar fyrir önnur svæði en SV-svæði.

² Vegagerðin 1998. Rykbinditilraun 1997: Tilraun með mismunandi magn af salti í rykbindingu – Tilraun með íblöndun semdufts í rykbindingu – Tilraun með blöndun og virkni mismunandi tegunda rykbindiefna.

2.3.3 Þvottur á vegstikum og skiltum

Fullnaðartölur um notkun tjöruhreinsis við hreinsun á vegstikum og skiltum á árinu vantar. Vegagerðin hefur nýlega tekið í notkun innkaupakerfi þar sem skrá á öll innkaup á eignum, verður því vonandi hægt að birta yfirlit yfir notkun tjöruhreinsis á næsta ári fyrir landið allt.

Nýlega hófst vinna við að skrá svokölluð öryggisblöð í gagnagrunn Vegagerðarinnar og munu starfsmenn geta komist inn í hann af innri vef. Í öryggisblaði efnis eru m.a. innihaldslýsing, varúðarupplýsingar, upplýsingar um skyndihjálp og fleira.

Vegagerðarmenn eru hvattir til að nota umhverfismerkt og hættulaus eða hættulítill hreinsiefni þegar þess er kostur, bæði vegna áhrifa á umhverfið og vegna eigin öryggis.



Mynd 5. Varnaðarmerkingar eiturfna og hættulegra efna.



Mynd 6. Umhverfismerkin Svanurinn, Blómið, Blái engillinn og Græna innsiglið.

2.4 Hráefna- og auðlindanotkun

2.4.1 Vatn og orka

Eftirfarandi upplýsingarnar hafa verið fengnar frá orkuveitum/söluaðilum. Um er að ræða notkun í húsnæði Vegagerðarinnar, þ.e. áhaldahúsum, verkstæðum og skrifstofum.

Að meðaltali var minna notað af rafmagni árið 2006 en árið á undan, heitavatnsnotkun var hins vegar örlítið meiri eða um 2,5%.

Tafla 6. Orkunotkun húsa

Rafmagn alm. notkun (kWh)	2005		Rafmagn alm. notkun (kWh)	2006	
	Rafmagn hitun (kWh)	Heitt vatn (tonn)		Rafmagn hitun (kWh)	Heitt vatn (tonn)
1.508.254	1.027.603	149.161	1.472.506	948.483	153.173

Tafla 6. Orkunotkun í húsnæði Vegagerðarinnar 2006.

2.4.2 Pappír

Rekstrardeild fylgist með notkun á pappír. Innkaup eru skráð í bókhaldi en birgðastaða er ekki skráð og getur því mismunandi birgðastaða skekkt nokkuð niðurstöðu um ársnotkun. Innkaup síðustu tveggja ára á pappír voru eins og fram kemur í töflu:

Tafla 7. Pappírnotkun (þús. blöð)	2005	2006
Fjölnotapappír A3 ³ og A4	865	815
Sérpappír, s.s. ljósmyndapappír	16	20
Karton A3	500	1000
Karton A4	500	500

Tafla 7. Pappírnotkun Vegagerðarinnar 2006.

Vegagerðin kaupir fjölnotapappír frá Odda sem er umhverfisvænn. Pappírinn kemur frá Finnlandi og hefur framleiðandi hans ISO 14001 umhverfisvottun. Mestur hluti pappírsins kemur frá sjálfbærum skógum. Það þýðir að fyrir hvert tré sem er fellt eru fleiri tré gróðursett í staðinn.



Mynd 7. Gamall varnargarður við Grjótá í Hornafirði. EFJ.

³ Umreiknað í stærð A4.

2.5 Vinnuumhverfi vegagerðarfólks

2.5.1 Öryggisstjórnunarkerfi Vegagerðarinnar

Öryggisstjórnunarkerfi Vegagerðarinnar er í mótun. Það mun beinast að þörfum starfsmanna og vaxandi kröfum þjóðfélagsins um öryggi á vinnustöðum. Vinna við umhverfisstefnu, markmið og verklagsreglur stendur yfir. Öryggisstjórnunarkerfi er nú byggt upp af áætlana- og umhverfisdeild, umhverfis- og öryggisnefndum, mælanlegum markmiðum og nokkrum verklagsreglum.

Öryggisverðir starfa í umhverfis- og öryggisnefndum sem eru í öllum landshlutum, þeir hafa eftirlit með framgangi öryggismála á sínu starfssvæði, eru yfirmönnum til ráðgjafar og setja fram tillögur um aðgerðir.

Áætlana- og umhverfisdeild hefur haft umsjón með öryggismálum starfsmanna frá árinu 1997 en í verklagsreglu um umhverfiskerfið segir að það skuli einnig taka til öryggis. Öryggisstarfið hefur hingað til aðallega verið að frumkvæði starfsmanna í umhverfis- og öryggisnefndunum og verið fylgt eftir af áætlanaeild með fræðslu á árlegum fundi formanna umhverfis- og öryggisnefnda.

Eitt af meginmarkmiðum Vegagerðarinnar er ánægt, hæft og öflugt starfsfólk, en undirmarkmið er góð heilsa og góður aðbúnaður starfsmanna.

2.5.2 Áhættumat og vinnuhópur um öryggisstefnu

Þann 1. janúar 2005 tóku gildi breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem fyrirtæki voru skylduð til að gera áhættumat á öllum störfum sem framkvæmd eru í fyrirtækinu og að gerð sé skrifleg áætlun um bætt öryggi starfsmanna í samræmi við það mat. Allir vinnustaðir landsins eiga að hafa lokið þessari vinnu fyrir árslok 2007.

Vegagerðin lét vinna áhættumat starfa á fyrstu mánuðum ársins 2006. Í úttektarskýrslunni komu fram ýmsar ábendingar um úrbætur. Ljóst er að þörf er á virkara og hnitmiðaðra öryggisstarfi.

Í framhaldi af úttektinni skipaði Vegamálastjóri vinnuhóp til að móta tillögu að öryggisstefnu. Öryggisstefnunni er ætlað að leiða til bættrar frammistöðu Vegagerðarinnar í málum sem varða öryggi og heilsu starfsmanna. Vinnuhópurinn skilaði tillögum í nóvember 2006 að öryggisstefnu, öryggishlutverki umhverfis- og öryggisnefnda og öryggisleiðbeiningum.

Í kjölfar setningar reglugerðar um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum í nóvember 2006 fól yfirstjórn hópunum að vinna málið lengra og skilaði hópurinn af sér skýrslu í lok maí 2007.

Vilji er til að innleiða öryggisstefnu í samræmi við alþjóðlega öryggis- og vinnuumhverfisstjórnunarstaðalinn OHSAS 18001.

2.5.3 Aðgerðir og fræðsla í öryggismálum

Helstu aðgerðir í öryggismálum á árinu 2006 voru eftirfarandi:

- Öryggisbúnaður bifreiða var tekinn út á Selfossi.
- Öryggishlífar voru settar í þjónustubíl á Höfn sem er notaður við vinnu í Hvalnes- og Þvottáskriðum.
- Þrír öryggisdagar voru haldnir á SV-svæði og í miðstöð og tóku um 30 starfsmenn þátt í hverjum þeirra. Öryggishópurinn sá um og skipulagði dagana.
- Haldnir voru fundir í Búðardal og á Hvammstanga um niðurstöður áhættumatsins og voru persónuhlífar endurnýjaðar.
- Brunavarnir voru teknar út í húsnæðinu á Dagverðadal, Ísafirði og á Selfossi. Haldinn var fyrirlestur um notkun slökkvitækja ásamt verklegri æfingu.
- Starfsmenn þjónustustöðvar á Ísafirði gerðu átak í notkun hlífðarhjálma og -gleraugna. Snjóflóðaylur voru endurnýjaðar.

- Námskeið í meðferð slökkvitækja var haldið á Hólmavík.
- Settur var neyðarútgangur á lofti í kaffistofu á Hólmavík.
- Skyndihjálparnámskeið voru haldin á Hólmavík, Sauðarkróki og Akureyri.
- Haldinn var fyrirlestur um brunavarnir, varnarbúnað, slökkvitæki, viðbrögð og samskipti við slökkvilið, í starfsstöðinni á Sauðarkróki.
- Gerð var athugun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í áhaldahúsum á Akureyri, Húsavík og Þórshöfn og ítarleg greinargerð unnin. Bætt var úr mikilvægum öryggisatriðum s.s. geymslu úrgangsolíu og staðsetningu slökkvitækja.

2.5.4 Fræðsla í umhverfismálum

Umhverfis- og öryggisnefndir hafa haft frumkvæði að því að fá fyrirlesara til að halda erindi um umhverfismál. Fyrirlestrarnir voru haldnir um land allt og var efni þeirra fjölbreytt:

- Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur hélt erindi í miðstöð Borgartúni um hina mannlegu hlið umhverfismála, þ.e. þá miklu þýðingu sem hver einasti einstaklingur hefur fyrir þróun umhverfis og samfélags heima fyrir og á heimsvísu.
- Ásbjörn Ólafsson verkefnisstjóri hjá Vegagerðinni kynnti verkefnið Vistvernd í verki, sem hann tók þátt í um þær mundir, fyrir öðrum starfsmönnum í miðstöð Borgartúni.
- Sigprúður Stella Jóhannsdóttir þjóðgarðsvörður í Ásbyrgi hélt fyrirlestur um þjóðgarða fyrir starfsmenn NA-svæðis.
- Jón Hjaltason sagnfræðingur hélt erindi á léttum nótum um menn og málefni Akureyrar fyrir á tímum á Akureyri.
- Sveinn Runólfsson Landgræðslustjóri kynnti starfsmönnum á Suðurlandi starfsemi Landgræðslunnar í Gunnarsholti.
- Arnlín Ólafsdóttir skógfræðingur hélt fyrirlestur á Hólmavík um skógrækt og fjallaði hún einnig um gróður meðfram vegum.

Ábendingar varðandi umhverfismál í fréttagranni Vegagerðarinnar voru m.a. um umhverfisfræðslu fyrir grunnskólabörn, umhverfisvænsta raftækjaframleiðandann, dekkjasokk og kaupum ekkert daginn.

Í fréttabréfinu *Innanhúss* voru birtar ýmsar fréttir um umhverfi og öryggi, m.a. um: umhverfisdaga, hvað vinnst með skógrækt, hópvinnu starfsmanna, mælanleg markmið Vegagerðarinnar, skipun vinnuhóps um öryggisstefnu, hlutverk öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna og endurvinnslumál.

3 Umhverfispættir sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdum og samgöngum

3.1 Loftmengun


3.1.1 Losun CO₂ frá umferð á vegum

Losun á CO₂ frá vegaumferð var til ársins 2004 reiknuð út frá mældri sölu á bensíni til bíla og áætlaðri notkun á dísilolíu. Sala á bensíni hefur lengi verið skattstofn og heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar. Sala á dísilolíu var hins vegar áætluð til ársins 2004 m.a. út frá mældum og áætluðum akstri. Vegagerðin og Umhverfisstofnun hafa reiknað losun CO₂ frá umferð á vegum út frá þessum gögnum og fengið út svipaðar tölur.

Á miðju ári 2005 var lagt olíugjald á dísilolíu. Heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar á seinni helmingi þess árs en notkun á fyrri hluta ársins var áætluð eins og hin fyrri ár. Árið 2006 er fyrsta heila árið sem heimildir um selt magn dísilolíu teljast áreiðanlegar.

Gögnin benda til þess að sala dísilolíu á bifreiðar hafi verið fullvarlega áætluð fram til þessa og gera megi ráð fyrir því að losun CO₂ frá vegasamgöngum hafi þar af leiðandi verið meiri frá 1990-2005 en áður var talið. Endurskoða þarfi eldri áætlanir í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Losun CO₂ vegna vegasamgangna



Mynd 8. Útstreymisbókhald Vegagerðarinnar. Losun á CO₂ vegna brennslu bensíns og dísilolíu í vegasamgöngum 1990-2006. Útstreymisbókhald Umhverfisstofnunar er sýnt til samanburðar.

3.1.2 Aðgerðir til að draga úr losun CO₂ frá umferð á vegum

3.1.2.1 Stytting vega og lögn bundinna slitlaga

Stytting vega og lagning bundinna slitlaga hafa verið taldar til aðgerða sem geta haft áhrif til minni losunar CO₂. Í einstaka tilfellum geta slíkar aðgerðir þó orðið til þess að gera stór og dreifbýl svæði að einu atvinnusvæði og orðið þannig til að auka umferð sem er aftur á móti jákvætt fyrir samfélagið því styttri vegalengdir milli byggðakjarna og öruggari vegir skapa möguleika á stærri og lífvænlegri atvinnu- og búsetusvæðum. Af 13.038⁴ km þjóðvega er nú bundið slitlag á 4.680⁵ km eða um 36%. Í lok ársins 1979 voru 270 km af þjóðvegum landsins með bundnu slitlagi. Á tímabilinu frá 1979-2006 hefur því að meðaltali verið lagt bundið slitlag á rúmlega 160 km á ári.

Samkvæmt gögnum frá Alþjóðabankanum er eldsneytisnotkun fólksbifreiða að jafnaði 20% meiri á góðu malarslitlagi en á bundnu slitlagi. Fyrir þunga bíla er munurinn mun meiri. Á árinu 2006 var lagt bundið slitlag á um 63 km af þjóðvegum sem áður voru með malarslitlagi. Áætluð meðalumferð á þessum vegum er 4 milljónir km á ári. Ef miðað er við 20% sparnað í eldsneytiseyðslu á ekinn km að jafnaði og meðalstórar fólksbifreiðar mun losun verða um 140 tonnum af CO₂ minni á árinu 2007 en 2006.

3.1.2.2 Skógrækt til bindingar CO₂

CO₂ er að magni til langveigamest þeirra lofttegunda sem valda svokölluðum gróðurhúsalofttegundum. Styrkur þess í andrúmslofti hefur aukist um 30% á síðustu 200 árum, fyrst og fremst vegna landhnignunar, einkum skógareyðingar og jarðvegsrofs, og bruna eldsneytis úr jörðu. Árið 1999 birtu alþjóðlegu jarðvegs- og vatnsverndarsamtökin þá skoðun að CO₂ sé ekki einvörðungu hættuleg gróðurhúsalofttegund, heldur einnig verðmæt auðlind. Kolefni í formi CO₂ er meginorsakavaldur gróðurhúsalofttegunda, en þetta sama kolefnisatóm í formi lífræns efnis í jarðvegi er undirstaða fæðuöflunar fyrir vaxandi fjölda jarðarbúa. Því megi á vissan hátt líta á CO₂ andrúmsloftsins sem auðlind á villigötum.

Árið 1997 hófu íslensk stjórnvöld sérstakt átak í bindingu gróðurs með landgræðslu og skógrækt í þeim tilgangi að hafa aukið árlega bindingu CO₂ um 100 þúsund tonn árið 2000 miðað við 1990, en þá vantaði 22 þúsund tonn upp á það markmið miðað við óbreytta starfssemi í landinu. Til átaksins var veitt 450 milljónum króna en það gekk mjög vel.

Nýlega var stofnsett verkefnið Kolviður. Íslenska ríkisstjórnin er bakhjarl þess. Kolviður miðar að því að fjármagna aðgerðir til að binda CO₂ í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk þess í andrúmslofti. Viðskiptavinir Kolviðar borga fyrir kolefnisbindingu sem nemur losun CO₂ farartækja sinna. Reiknilíkan á vefsíðu Kolviðar býður viðskiptavinum að leggja fé í sjóðinn sem síðan fjármagnar skógræktaraðgerðir. Þetta ferli er síðan vottað og árangursvaktað af KPMG.

3.1.3 Svifryksmengun

Svifryk eru rykagnir í loftinu sem koma frá sliti á malbiki vegna umferðar, útblæstri dísilbifreiða, jarðvegsrofi á heiðum og salti frá sjónum. Þessar litlu agnir eru mældar í sérstökum tækjum og eru flokkaðar eftir stærð korna þar sem minnstu kornin, PM_{2,5}, hafa almennt mest skaðleg áhrif á heilsu manna samkvæmt rannsóknum.

Mannslíkaminn ræður við gróft náttúrulegt svifryki eins og t.d. jarðvegsagnir og salt, en mjög finar svifryksagnir sem koma frá bruna eða útblæstri bifreiða berast ofan í lungu fólks. Þessum fínu ögnum getur fólk ekki hóstað upp og svifryksagnirnar fara niður í lungnablóðurnar, leysast þar upp og efnin í svifrykinu fara út í blóðið. Efni í svifryki eru varasöm fyrir heilsuna enda oft um brennd olíuefni að ræða. Þeir sem eru í mestri hættu

⁴ Samkvæmt vegaskrá 2006. Viðmiðunardagsetning skráarinnar er 30. júní 2006. Sjá vegagerdin.is – vegakerfið – vegaskrá.

⁵ Miðað við lok árs 2006.

vegna svifryks eru asma-sjúklingar, eldra fólk og börn í þéttbýli. Hjólreiðamenn geta einnig verið í hættu þegar þeir hjóla meðfram miklum umferðaræðum. Svifryk getur einnig borist inn í bíla í gegnum miðstöðina. Svifryk mælist stundum mikið í Reykjavík og á Akureyri, sérstaklega á þurrviðraköflum að vetrarlagi en úrkoma dregur verulega úr menguninni. Aðeins er mælt á þessum tveimur stöðum á landinu, sjá ust.is.

3.1.3.1 Aðgerðir gegn svifryksmengun

Starfshópur um aðgerðir til að draga úr svifryksmengun var skipaður af umhverfisráðherra í nóvember 2001. Einn starfsmaður Vegagerðarinnar sat meðal annarra í hópnum sem fulltrúi samgönguráðuneytisins. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu í nóvember 2006 þar sem m.a. eru lagðar til eftirfarandi mögulegar leiðir til úrbóta:

Beinar aðgerðir á færi sveitarfélaga og ríkisins (Vegagerðarinnar)

- Þvottur gatna ásamt mati á árangri.
- Notkun rykbindiefna.
- Breytt hönnun á niðurföllum.
- Slitsterkara yfirborð vega.
- Hönnun umferðarmannvirkja.

Skýrsluna í heild er hægt að nálgast á heimasíðu umhverfisráðuneytisins, umhverfisradu-neyti.is.

Í framhaldi af starfi nefndarinnar var skipuð önnur nefnd. Hlutverk hennar var að fjalla um tæknilega þætti og koma með nánari útfærslur á tillögunum. Nefndin skilaði skýrslunni *Mótvægisáðgerðir gegn svifryki: Aðgerðir gegn sóti frá díselvélum og malbiksögnum frá nagladekkjum* vorið 2007. Þar eru lagðar til nokkrar lausnir. Þær sem eru á færi sveitarfélaga og ríkisins, m.a. Vegagerðarinnar, eru að:

- Eftirlit með mengandi efnum frá bílum á vegum úti verði aukið með færanlegum eftirlitsbúnaði.
- Átak verði gert í mengunarvörnum strætisvagna og hópferðabifreiða sem sinna þjónustu í þéttbýli.
- Gerð verði krafa um mengunarvarnir gegn sóti í framkvæmdaútboðum ríkis og sveitarfélaga.
- Settar verði reglur um hreinsun gatna í þéttbýli.
- Sett verði almenn krafa um lágmarkun rykmyndunar í útboðum fyrir opinbera aðila.

Auk þess má nefna að erlendar rannsóknir hafa sýnt að trjábelti, sér í lagi sígræn geti dregið verulega úr svifryksmengun með umferðaræðum. Það er mat Jóns Geirs Péturssonar skógræðings hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur að þörf sé á að stórauka gróðursetningu trjáa við götur Reykjavíkur til að vernda heilsu borgarbúa⁶.

⁶ Fréttabréf Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa 2006.

3.2 Röskun lands vegna nýlagna

3.2.1 Tilfærsla jarðefna og landmótun

Í eftirfarandi töflu koma fram tölur um tilfærslu jarðefna og landmótun í vegagerð árið 2006. Þær eru teknar saman á svæðisskrifstofum Vegagerðarinnar og byggja að mestu á útboðsgögnum.

Í þeim tilfellum sem Vegagerðin kaupir jarðefni af handhöfum námuréttar er frágangur á námum, þ.e. mótun yfirborðs á röskuðu landi, ekki skráður. Þetta á einkum við í Reykjanesumdæmi.


Tafla 8. Tilfærsla jarðefna og landmótun

Vegagerðarsvæði	Tilfærsla jarðefna (þús. m ³)			Landmótun (þús. m ³)			
	Fyllingar ¹⁾	Burðarlög	Slitlög	Óraskað land		Raskað land	
				Vegir	Námur	Vegir	Námur
Suðursvæði	527	291	47	423	14	48	27
Suðvestursvæði	860	222	16	391	0	340	54
Norðvestursvæði	906	220	7	443	174	520	168
Norðaustursvæði	270	115	43	1	59	338	150
Alls:	2.563	848	113	1.258	247	1.246	399

¹⁾ Í veg og utan vegar s.s. fláfleygar og hljóðmanir


Tafla 8. Tilfærsla jarðefna og landmótun við framkvæmdir 2006.

Færsla jarðefna við vegagerð



Mynd 9. Tilfærsla jarðefna við vegagerð árin 2002-2006.

Landmótun við vegagerð



Mynd 10. Landmótun við vegagerð árin 2002-2006.



Mynd 11. Vinna við Hédiðsfjarðargöng Siglufjarðarmegin, haustið 2006. VK.

3.2.2 Votlendi

Vegagerðin forðast röskun votlendis þegar þess er nokkur kostur. Bæði vegna þess að votlendi er almennt óheppilegt vegstæði og vegna náttúruverndarsjónarmiða.

Vegagerðin færir nokkurskonar votlendisbókhald sem er í töflu hér á eftir. Þegar votlendi raskast vegna vegagerðar fer endurheimtin oft fram árið á eftir og jafnvel líka árið þar á eftir m.a. vegna framboðs á landi til endurheimtar. Votlendisbókhaldið nær því nokkur ár aftur í tíma. Vegagerðin hefur verið í góðu samstarfi við Umhverfisstofnun um val á landi til endurheimtar en almennt er reglan sú að sé votlendi raskað fari fram endurheimt á sambærilegu framræstu votlendi á sama vegagerðarsvæði.

Tafla 9. Röskun og endurheimt votlendis

Framkvæmdir: Vegur (nr.) áfangi	Flatarmál (hektarar)	Framkvæmda-tímabil	Vg-svæði
Borgarfjarðarbraut (50) um Vatnshamraleið, Andakílsá-Kleppjárnsreykir	-4	1999-2002	NV
Vestfjarðavegur (60) um Bröttubrekku (Dalafjall)	-1,5	1999-2003	NV
Snæfellsnesvegur (áður Ólafsvíkurv.) (54) - Útnesvegur vegamót. Bjarnarfoss-Egilsskarð	-2,2	1999-2001	NV
Vatnaleið (56) um Vatnaheiði á Snæfellsnesi	-24	2000-2002	NV
Þverárfjallsvegur (744)	-36	2000-2003	NV
Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði	-1	2003-2004	NV
Snæfellsnesvegur (54) Kolgrafarfjörð	-1,15	2003-2005	NV
Útnesvegur (574) um Klifhraun, Gröf-Arnarstapi	-9	2004-2006	NV
Hringvegur (1) um Fljótshéiði, Fosshóll-Aðaldalsvegur	-12	1996-1999	NA
Hringvegur (1) Austurlandi, Biskupsháls-Skjöldófsstaðir, Háreksstaðaleið	-21	1998-2000	NA
Norðausturvegur (85), Vopnafjarðarheiði, Brunahvammsháls-Hringvegur	-9	2000-2002	NA
Norðausturvegur (85), Tjörnes 3. áfangi Bangastaðir-Víkingavatn	-5	2001-2003	NA
Norðausturvegur (85), Tjörnes 4. áfangi Breiðavík-Bangastaðir	-1,6	2003-2004	NA
Raskað	-127,5		
Endurheimt votlendi			
Staðarhús Borgarbyggð	28	2001	NV
Kolviðarnestjörn Eyjahreppi	45	2001	NV
Steinsstaðir Skagafirði	22	2002	NV
Framengjar í Mývatnssveit	37,8	2003-2004	NA
Framengjar og Nautey í Mývatnssveit	17	2005	NA
Endurheimt	149,8		

Tafla 9. Röskun og endurheimt votlendis frá 1996. Staðan á landsvísu í lok árs 2006.

Eins og sjá má var staða Vegagerðarinnar góð um síðustu áramót, eða 22,3 ha. meira verið endurheimt en raskað. Hingað til hefur aðeins þurft að endurheimta votlendi vegna röskunar á NV- og NA-svæðum Vegagerðarinnar.

Á NA-svæði hafa verið endurheimtir 54,8 ha á móti 48,6 ha. röskun. Framkvæmdir á því svæði sem áætlað er að muni raska votlendi eru Héðinsfjarðargöng og vegur milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Tröllaskaga 10 ha. og Norðausturvegur (85) um Hólaheiði 6-8 ha.

Á NV-svæði hafa verið endurheimtir 95 ha á móti 78,9 ha. röskun. Framkvæmdir á því svæði sem áætlað er að muni raska votlendi eru Hringvegur (1) Norðurárdal í Skagafirði 5 ha.

Á S-svæði mun fyrirhugaður Gjábakkavegur (leið 3+7) ekki raska votlendi.

Ekki eru fyrir séð að framkvæmdir muni í náinni framtíð skerða votlendi á SV-svæði en lítið er um votlendi á því svæði vegna jarðfræðilega ungs og gropins berggrunns.

3.2.3 Skóglendi

Umhverfisráðherra felldi úrskurð þann 5. janúar 2007 um framkvæmdina Vestfjarðavegur (nr. 60) Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi. Í úrskurðinum er Vegagerðinni m.a. sett það skilyrði fyrir framkvæmd að rækta birkiskóg á Vestfjörðum við sambærilegar aðstæður og eru í Teigsskógi a.m.k. til jafns að flatarmáli við þann birkiskóg sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaða framkvæmd.

3.2.4 Frágangur eldri efnisnáma

Í langtímaáætlun um frágang eldri efnistökusvæða var mörkuð sú stefna Vegagerðarinnar að frágangi náma, sem ekki eru lengur í notkun, skuli lokið á fimmtán árum þ.e. á árunum 2004 – 2018. Það eru um 900 námur sem Vegagerðin mun ganga frá á 15 árum eða um 60 efnisnámur árlega að meðaltali.

Áætlunin gerir ráð fyrir að á Suðursvæði verði gengið frá 176 námum á þessu árabili, 17 á Suðvestursvæði, 462 á Norðvestursvæði og 242 á Norðaustursvæði. Hvert svæði Vegagerðarinnar þarf því að ljúka frágangi á 12–31 námu á ári nema Suðvestursvæði þar sem fáar námur eru á ábyrgð Vegagerðarinnar og þar nægir því að ganga frá 1–2 námum á ári til að ná markmiðum áætlunarinnar.

Verklagsregla kveður á um það hvernig Vegagerðin eigi að standa að frágangi gamalla efnisnáma og er frágangur þeirra eitt af árangursmarkmiðum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin hefur haft samráð við Umhverfisstofnun um fráganginn. Eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar skoðar allar námur þegar gengið hefur verið frá þeim og ef frágangurinn er fullnægjandi að mati stofnunarinnar gefur hún út vottorð því til staðfestingar.

Frágangur eldri efnisnáma hefur til þessa ekki hlotið sérstaka fjárveitingu en í Samgönguáætlun er gert ráð fyrir fjárveitingu á árunum 2007-2010 til að fjármagna kostnað við námufrágang.


Í viðauka III er yfirlit yfir þær námur sem gengið var frá á árinu 2006. Gerð er grein fyrir frágangi á eldri efnisnánum en einnig frágangi á námum samhliða framkvæmdum ársins.

Ekki náðust markmið langtímaáætlunar um námufrágang á árinu 2006. Samtals var einungis lokið við frágang á 24 námum á landinu öllu. Auk þess var hluti af þeim námum sem gengið var frá á árinu opnaðar aftur vegna nýbygginga en fjöldi náma í langtímaáætlun um frágang miðast við þær námur sem voru ófrágengar vorið 2004.

Tafla 10. Fjöldi frágenginna eldri efnisnáma

Vegagerðarsvæði	Fjöldi frágenginna náma
Suðursvæði	1
Suðvestursvæði	0
Norðvestursvæði	20
Norðaustursvæði	3
Samtals	24

Tafla 2. Fjöldi efnisnáma sem gengið var frá árið 2006, skipt eftir vegagerðarsvæðum.



Mynd 12. Fjöldi frágenginna gamalla náma árin 2004-2006.

3.2.5 Uppgræðsla

Vegagerðin leggur áherslu á góðan frágang og uppgræðslu svæða sem tengjast vegaf framkvæmdum og á undanförunum árum hefur Vegagerðin verið í hópi stærstu aðila á sviði uppgræðslu hér á landi. Vegagerðin styrkir einnig verkefni vegna uppgræðslu meðal annars sem lýtur að uppgræðslu vegfláa með innlendum úthagategundum.

3.3 Efnanotkun vegna framkvæmda

Rekstrardeild Vegagerðarinnar tekur árlega saman magntölur fyrir notkun á asfalti, íblöndunarefnum og viðloðunarefnum í slitlög og styrkingar.

3.3.1 Asfalt

Rekstrardeild Vegagerðarinnar seldi 5.201 tonn af asfalti á árinu vegna nýbygginga og viðhalds.

Meginreglan í útboðum Vegagerðarinnar er sú, þar sem því verður við komið, að viðkomandi verktaki leggi til asfalt og íblöndunarefni. Á landsbyggðinni, þar sem Vegagerðin er með birgðatanka geti verktakar þó keypt efni af Vegagerðinni. Meira er því notað af asfalti til vegagerðar á landinu en hér kemur fram. Finna þarf leið til að halda utan um það heildarmagn asfalts sem notað er í framkvæmdum á vegum Vegagerðarinnar, hugsanlega í árlegu uppgjöri verktaka til Vegagerðarinnar.

Tafla 11. Asfalt

2005	2006
4.240 tonn	5.201 tonn

Tafla 11. Sala á asfalti frá rekstrardeild Vegagerðarinnar.

Nokkur umhverfismengun fylgir asfaltbundnu slitlagi vega. Þegar slitlag er lagt gufa leysiefni upp svo sem terpentína, ef þeim hefur verið blandað saman við asfaltið. Asfalt er flókin blanda ýmissa lífrænna efnasambanda. Þar á meðal eru svokölluð PAH-efni sem eru mengandi

tjöruefni og safnast m.a. fyrir í lífkeðjunni. Styrkur þeirra í asfalti er talinn vera á bilinu 6-60 hlutar í milljón (ppm). Asfalt inniheldur þungmálmana nikkell og vanadíum í heldur meira mæli eða 100-600 ppm. Almennt er þó þungmálmamengun ekki sérstaklega tengd notkun asfalts.

Bifreiðaumferð slítur malbiki eins og vel er kunnugt, einkum þegar um er að ræða notkun nagladekkja. Við það fer asfalt út í umhverfið, einkum í formi svífryks.

3.3.2 Terpentína


Þunnbik er asfalt með um 10% terpentínu, *white spirit*. Þunnbik er notað í klæðingar á þjóðvegum.

Heildarnotkun af þunnbiki, terpentínu og hlutfall terpentínu í þunnbikinu má sjá í meðfylgjandi töflu og grafi. Veðurfar hefur áhrif á það hve mikið þarf af leysiefni og skýrir það mismunandi hlutfall milli ára.

Tafla 12. Þunnbik og terpentína

	2005	2006
Þunnbik (lítrar)	8.482.634	9.623.082
Terpentína (lítrar)	873.711	894.947
Terpentína í þunnbiki %	10,3	9,3

Tafla 12. Notkun þunnbiks og terpentínu í klæðingar á þjóðvegum.



Mynd 13. Heildarnotkun þunnbiks og hlutfall terpentínu í þunnbiki.

3.3.3 Aðgerðir til að draga úr notkun terpentínu

Það er markmið Vegagerðarinnar að draga enn frekar úr notkun terpentínu á komandi árum. Vegagerðin hefur undanfarin tvö ár styrkt tilraun með klæðingu með reþjubiki þar sem ætlunin var að leggja klæðingu með reþjubiki með lífrænni reþjuolíu í stað þunnbiks með lífrænum leysiefnum. Upplýsingar benda til að aðferðin sé vænlegur kostur til að auka gæði bindiefnisins, bæði í kulda og hita, auk þess sem hér er um umhverfissvæna olíu að ræða.

Lagning klæðinga með reþjubiki hefur tekist vel og engin vandkvæði komið upp þótt unnið væri við verstu hugsanlegar aðstæður. Reþjuolíurnar sem notaðar hafa verið eru eins mismunandi og hugsast getur:

- Canola mataraolía sem er sérstaklega unnin til að vera matargerðarefni.
- Biodísilolía sem hefur verið hreinsuð og bætt til að henta sem brennsluefni fyrir dísilvélar.
- Sérhæfð olía frá Colas ætluð til bikblöndunar.
- Hráunnin olía beint frá bónda. Olía sem ekkert hefur verið gert við annað en síun.

Fylgjast þarf með þeim tilraunaköflum sem lagðir hafa verið a.m.k. árin 2007 og 2008. Að því loknu verður hægt að meta árangurinn.

3.3.4 Viðloðunarefni

Hlutverk viðloðunarefna er að auka viðloðun biks og steinefna. Á árinu 2006 voru notuð um 85 tonn af viðloðunarefninu Amínium og um 15 tonn af Wetfix. Þetta er svipað magn viðloðunarefna og notað var árið á undan, sjá töflu 13.

Tafla 13. Viðloðunarefni (tonn)		
	2005	2006
Aminum	91	85
Wetfix	10	15
Samtals	101	100

Tafla 13. Notkun viðloðunarefna í klæðingar á þjóðvegum.

3.3.5 Vegmálning

Á árinu 2006 voru 1.900 km merktir með vatnsmálningu og 2.356 km með plastmálningu (sprautuplasti), samtals 4.256 km en voru alls 3.440 km á árinu 2005. Aukning á milli ára var því 14,1 %. Einnig voru notaðir um 400 lítrar af ediksýru á árinu 2006.

Vatnsmálningin inniheldur engin leysiefni og voru notaðir um 100 þús. lítrar af henni árið 2006. Notuð var vatnsmálningin Merkalin AQ6010 frá Geveko.


Plastmálningin inniheldur engin leysiefni og voru notuð um það bil 460 tonn af henni árið 2006 á S-, NV og NA-svæðum. Sú plastmálning sem notuð var, var Swarco SSP30, Cleanosol 45PS30 og Prismo SR55A. Á Suðvestursvæði voru notuð 180 tonn af plastmálningunni Termoplastic SNS 25. Samtals voru því notuð 640 tonn af plastmálningu á árinu.

Vinna við merkingar með plastmálningu er talin meira mengandi en með vatnsmálningu þar sem hita þarf steinefnamassann upp í um 200°C. Það er gert með rafstöðvum knúnum dísilolíu sem gefa frá sér koltvísýring CO₂. Það vegur þó eitthvað upp á móti að þá vegi, sem merktir eru með plastmálningu, þarf oft aðeins að merkja annað hvert ár, þá þyrfti hins vegar að merkja með vatnsmálningunni á hverju ári.

Tafla 14. Notkun vegmálningar		
	2005	2006
Vatnsmálning (þús. ltr.)	84	100
Plastmálning (tonn)	423	640

Tafla 14. Notkun vegmálningar á þjóðvegum árið 2006.

Notkun vegmálningar 2003-2006



Mynd 14. Hlutfall leysisefnamálningar, plastmálningar og vatnsmálningar í vegmálningu á árunum 2003-2006.

4 Samfélagsþættir

4.1 Umferðaröryggi

4.1.1 Slys

Á árinu 2006 urðu 28 banaslys á og 128 alvarleg slys, sjá Umferðarstofu, us.is. Þetta er því miður mikil aukning frá árinu á undan.

Tafla 15. Fjöldi bílslysa	2005	2006
Banaslys	16	28
Önnur alvarleg slys	107	128

Tafla 15. Fjöldi bílslysa á þjóðvegum árið 2006.

4.1.2 Verkefni sem stuðla eiga að auknu umferðaröryggi

Vegagerðin sinnir fjölda verkefna sem stuðla eiga að aukni öryggi í umferðinni, ýmist ein og sér eða í samvinnu við aðra. Samkvæmt nýsamþykktri samgönguáætlun 2007-2010 verður til umferðaröryggisáætlun þar sem sett er fram meðal annars áætlun um sérstakar aðgerðir til að fækka slysum og lækka kostnað samfélagsins af umferðarslysum. Eitt verkefnanna er eyðing svartbletta og er markmiðið að eyða þeim stöðum í vegakerfinu þar sem óvenjumörg slys verða. Annað verkefni snýr að umhverfi veganna og aukinni notkun vegriða. Markmiðið er að draga úr afleiðingum slysa sem verða við útafakstur. Þriðja verkefni Vegagerðarinnar á þessu sviði er fjölgun áningarstaða við þjóðvegi landsins. Markmiðið er að draga úr slysum sem rekja má til þreytu ökumanna.

Þá má nefna átak til að draga úr hraðakstri. Þetta verður meðal annars gert með auknu vegaeftirliti lögreglu og hraðamyndavélum.

Einnig verða sett upp fleiri skilti á þjóðvegum með upplýsingum um leiðbeinandi hraða en tilgangurinn með því er að fækka slysum á stöðum þar sem aðstæður krefjast lægri hraða en leyfilegs hámarkshraða eins og til dæmis í kröppum beygjum.

Loks má nefna verkefni sem miðar að því að takmarka lausagöngu búfjár. Áhersla er lögð á að girða af vegi þar sem áhætta vegfarenda er mest vegna lausagöngu.



Mynd 15. Hvíld að loknum umhverfisdegi á NA-svæði sumarið 2006. KEB.

4.2 Byggðamál

Megináhrif vegaf framkvæmda og samgangna á samfélagið eru á umferðaröryggi, styttingu leiða og ferðatíma til þjónustu- og atvinnukjarna landsins.

Allar bætur og styttingar á vegakerfinu koma til með að bæta öryggi en einnig auka umferð, þ.m.t. þungaflutninga. Á undanförunum árum hefur hlutdeild landflutninga aukist mjög hratt og eru ástæður þess margvíslegar s.s. kröfur samfélagsins og kostnaður flutnings- og dreifingaraðila. Líklegt er að auknir landflutningar hafi neikvæð áhrif á hinn almenna vegfaranda.

Fylgjast þarf með þróun mengunar í þéttbýli, aðallega hávaða og svífryki, en vöktun og aðrar aðgerðir þurfa að vera í samvinnu við sveitarfélögin.

Vegaframkvæmdir geta haft áhrif á menningarminjar en áhrif á þær eru metin við gerð aðalskipulagsáætlana og/eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

4.3 Styrkir og rannsóknir

Samkvæmt vegalögum ber Vegagerðinni að verja árlega 1% af mörkuðum tekjum sínum til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð.

Árið 2006 nam heildarfjárveiting til rannsókna 120 milljónum króna. Um 34 milljónir fóru til rannsókna á umhverfis- og samfélagsmálum eða rúmlega 30% af fjárveitingunni. Féð skiptist niður á 30 verkefni. Mikill hluti fjárens fer til verkefna sem verða til innan Vegagerðarinnar en einnig er lögð áhersla á að fjármagna verkefni sem verða til og/eða eru unnin hjá öðrum, svo sem í háskólum, ýmsum fyrirtækjum og stofnunum og jafnvel einstaklingum. Þá eru einnig dæmi um fjárhagslega þáttöku í alþjóðlegum verkefnum.

Fjölbreytt verkefni hlutu styrki svo sem um endurheimt votlendis, gróður meðfram vegum, þróun námukerfis, jöklarannsóknir, hamfarir og betri slysaskráning. Listi yfir verkefnin er í viðauka V.

	2005	2006
Tafla 16. Styrkir til umhverfis- og samfélagsrannsókna	(milljón kr.)	
Til umhverfisrannsókna	28,1	23,4
Til samfélagsrannsókna	5,6	10,8
Samtals	33,7	34,2

Tafla 16. Heildarfjármagn til rannsóknaverkefna sem styrkt voru af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar vegna umhverfis- og samfélagsmála árin 2005 og 2006.

4.4 Mat á umhverfisáhrifum

4.4.1 Umhverfismat samgönguáætlunar

Á árinu 2006 tóku gildi ný lög um umhverfismat áætlana. Tólf ára samgönguáætlun fellur undir lögin. Umhverfismat áætlunar er aðferð við áætlanagerð sem er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun.

Í umhverfismati áætlana er lagt mat á umhverfisáhrif þeirra stefnu sem viðkomandi áætlun felur í sér. Umhverfismatsvinna hefst við upphaf áætlanagerðar eða við endurskoðun hennar. Þá er litið á heildarlandnotkun stórra svæða og fjallað um þróun þeirra með tilliti til áætlunarinnar. Matið er síðan sett fram í umhverfisskýrslu, sem verður hluti af eða fylgiskjal viðkomandi áætlunar. Að matinu skal vinna í samráði við hagsmunaaðila og umhverfisskýrsla skal lögð fram til opinberrar kynningar.

Umhverfismat tillögu að samgönguáætlun 2007-2018 var unnið á árinu 2006. Umhverfismatið var unnið af vinnuhópi sem í sátu fulltrúar frá samgönguráðuneytinu, Vegagerðinni, Siglingastofnun og Flugmálastjórn Íslands, en VSÓ Ráðgjöf styrði matsvinnunni. Helstu umhverfisþættirnir eru samfélag, heilsa, öryggi, loftslag, náttúrufar, hafið og landslag. Í matsvinnunni var lagt mat á hvernig samgönguáætlun hefði áhrif á þessa þætti.

Meginniðurstaða matsvinnunnar sneri að samræmi við aðrar áætlanir, lögum og alþjóðlegum samningum, heildaráhrifum áætlunarinnar og hugsanlegum verulegum áhrifum á umhverfið,

og aðgerðum sem lagt er til að ráðast verði í vegna þeirra. Skýrsluna er hægt að nálgast á vegagerdin.is.

4.4.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Meðal breytinga sem urðu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og tóku gildi 1. október 2005 voru þær að Skipulagsstofnun úrskurðar ekki lengur um umhverfisáhrif framkvæmda heldur skilar álit. Sveitarstjórn skal síðan taka rökstudda afstöðu til álitsins við veitingu framkvæmda- og byggingaleyfis. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála en ekki til umhverfisráðherra eins og áður var.

Skipulagsstofnun úrskurðaði eða gaf álit um mat á umhverfisáhrifum eftirtalinna framkvæmda á árinu 2006:

Tafla 17. Úrskurðir/álit um mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmd	Úrskurður Skipulagsstofnunar	Úrskurður kærður	Úrskurður umhverfisráðherra
Gjábakkavegur frá Þingvöllum til Laugarvatns, Bláskógabyggð	24.05.2006 Fallist á framkvæmd með skilyrðum	Já 28.6.2006	10.5.2007 Úrskurður Skipulagsstofnunar staðfestur að viðbættu skilyrði 5.1.2007
Vestfjarðavegur (60) Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi	28.02.2006 Fallist á framkvæmd með skilyrðum en lagst gegn hluta framkvæmdar	Já 30.3.2006	Úrskurður Skipulagsstofnunar staðfestur með skilyrðum
Framkvæmd	Álit Skipulagsstofnunar	Auglýsing um framkvæmdaleyfi	Úrskurður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála
Dettifossvegur, Hringvegur-Norðausturvegur. Kelduneshreppur; Skútustaðahreppur	27.07.2006	Skútustaðahreppur myv.is 8.5.2007	

Tafla 17. Úrskurðir og álit Skipulagsstofnunar og úrskurðir umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda árið 2006 og til maí 2007.



Mynd 16. Á umhverfisdegi á Norðurlands vestra sumarið 2006. VK.

4.5 Viðurkenningar vegna hönnunar og frágangs

Árin 2003 og 2006 voru veittar viðurkenningar fyrir gerð og frágang mannvirkja á árunum 1999-2001 og 2002-2004. Verkefnið er tilraunaverkefni sem verður í þróun á næstu árum skv. orðsendingu Vegagerðarinnar nr. 8/2005. Tilgangurinn með viðurkenningunum er að efla vitund um útlit og frágang mannvirkja meðal starfsmanna og verktaka Vegagerðarinnar og stuðla að umræðu þar um og að vitna um ákveðinn vilja yfirstjórnarinnar á þessu sviði.

Framkvæmdin Norðausturvegur (85) á Tjörnesi og áningarstaður á Teigsbjargi hlaut viðurkenninguna árið 2006. Um hönnun vegar og brúar sá hönnunardeild Vegagerðarinnar á Akureyri og brúadeild Vegagerðarinnar. Hönnun áningarstaðar var í höndum hönnunardeildar Vegagerðarinnar á Akureyri og fyrirtækisins Teikn á lofti ehf. Um eftirlit og umsjón framkvæmdar sá framkvæmdadeild Vegagerðarinnar og verktaki var Ístak hf. Verktaki við smíði brúar var trésmiðjan Vík ehf. Verktaki við gerð áningarstaðar var Garðyrkjuþjónustan Græna lauf ehf. Þessir aðilar hlutu allir viðurkenningu fyrir vel unnið verk.

Næst verður tilnefnt vorið 2008, af umhverfis- og öryggisnefndum Vegagerðarinnar, fyrir fullgerð umferðarmannvirki og landmótunarverkefni sem lokið hefir verið við á árunum 2005-2007.

Áritun endurskoðanda

Um endurskoðun græns bókhalds

Samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald er starfsleyfis skyldum fyrirtækjum sem tilgreind eru á lista í viðauka skylt að færa grænt bókhald og láta endurskoða það á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja. Endurskoðunin skal framkvæmd af aðila sem hefur yfir að ráða þekkingu á starfssviði og umhverfismálum viðkomandi fyrirtækis þ.m.t. mikilvægum umhverfispáttum í starfsseminni. Endurskoðandinn skal ennfremur vera óháður og hlutlaus.

Vegagerðin er ekki skuldbundin til þess að færa grænt bókhald skv. reglugerðinni og því heldur ekki skyld til þess að láta endurskoða það, hún hefur þó fært grænt bókhald sl. 7 ár og látið endurskoða bókhaldið undanfarin tvö ár í samræmi við reglugerðina.


Mat skoðunarmanns græns bókhalds

Ég hef endurskoðað skýrslu Vegagerðarinnar um grænt bókhald fyrir árið 2006 og rýnt eftirfarandi þætti:

- Hvort skýrslan inniheldur þær upplýsingar sem hún á að innihalda skv. 6. og 8. gr. rg. 851/2002.
- Hvort birtar séu upplýsingar um allar lykiltölur fyrirtækisins varðandi umhverfismál sbr. 7 gr. rg. 851/2002.
- Hvort samræmi sé á uppgjöri milli ára.

Við rýni mína á ofangreindri ársskýrslu hef ég ekki fundið nein frávík sem gefa tilefni til að ætla að skýrslan uppfylli ekki kröfur rg. 851/2002. Sömuleiðis er samræmi á uppgjöri milli ára.

Reykjavík, 11. júlí 2007.



Þróstur Grétarsson, umhverfisverkfræðingur

Skoðunarmaður græns bókhalds

Línuhönnun verkfræðistofu.

Viðaukar

I Ársskýrslur umhverfis- og öryggisnefnda 2006

Samkvæmt verklagsreglu skulu umhverfis- og öryggisnefndir halda a.m.k. tvo formlega fundi árlega og standa fyrir umhverfisdegi. Að auki hafa nefndirnar leyfi yfirstjórnar til að halda einn tiltektardag á ári. Árangursráð tekur saman í ársskýrslu Vegagerðarinnar árangur við uppfyllingu mælanlegra markmiða en eitt þeirra er að efla umhverfisvitund starfsmanna. Mælikvarði er skil á ársskýrslum umhverfis- og öryggisnefnda og haldinn umhverfisdagur. Þessi mælikvarði var uppfylltur 100% á árinu.

Ársskýrsla umhverfis- og öryggisnefndar Austurlands

Fundir

Einn fundur var haldinn á árinu en að auki rætt óformlega í gegnum síma um hin ýmsu mál. Birgir Guðmundsson svæðisstjóri sat fundinn. Rætt var um skipulag umhverfis- og öryggisnefnda og hvað helst væri hægt að gera til að starfsemi nefndanna yrði markvissari.

Fundur sem var fyrirhugaður haustið 2006 um endurnýjun í nefndinni og verkefni næsta árs var haldinn í byrjun janúar. Einar Friðbjörnsson lét af störfum sem formaður og Kristinn Briem var kosinn í hans stað, nýr maður kom inn í nefndina Guðjón Magnússon Reyðarfirði.

Verkefni næsta árs sem eru til athugunar.

Flokkun sorps í áhaldahúsum, merking áhugaverða staða og gamalla eyðibýla og ekki síst, að halda til haga gömlum örnefnum. Huga þarf betur að öryggismálum og vinna að því að fjarlægja stóra staka steina sem eru of víða meðfram vegum. Gamlar niðurníddar girðingar sem orðin er sjónmengun af þarf að fjarlægja í samráði við bændur. Mörgum er þyrnir í augum að horfa upp á niðurníddar og úreltar brýr í landslaginu. Taka þarf skýra afstöðu til þess hvaða brýr skal rífa og hverjar ekki.



Mynd 17. Á umhverfisdegi Austurlands Eyjólfsstaðaskógi sumarið 2006. EF.

Umhverfisdagur var haldinn 30. maí í Staupasteini, sumarhúsi starfsmanna í Eyjólfsstaðaskógi á Völlum. Unnið var að þrífum innanhúss og borið var á húsið að utan. Gengið var frá stæði fyrir húsbíla og tjaldvagna og það tyrft. Bændur og bændasynir voru valdir til þessa verks og vélamenn settir í að rífa upp gamla girðingu sem lá alveg niðri á lóðamörkum og var farin að sökkva niður í jarðveginn. Í lok dags var grillað og boðið upp á léttar veitingar. Veður var með besta móti.

Tiltektardagur var haldinn í áhaldahúsinu á Vopnafirði á milli jóla og nýárs.

Vopnafirði 6.janúar 2007, Einar Friðbjörnsson fráfarandi formaður.

Árskýrsla Umhverfis og öryggisnefndar Suðvesturlands og miðstöðvar Fundir:

Vorfundur 24. apríl.

Ákveðið var að fara í vettvangsferð um Suðvestursvæði og skoða áningarstaði, hafa umhverfisdag í starfsstöðinni í Hafnarfirði, hafa umhverfisdag í Eyvindarlundi við Kleifarvatn og að hafa tiltektardag í miðstöð og Suðvestursvæði þegar liði að jólum.

Talað var um hlutverk nefndanna en nefndarmönnum fannst óljóst til hvers ætlast er af þeim.

Sumarfundur 20. júlí.

Jónas Snæbjörnsson svæðisstjóri og Matthildur B. Stefánsdóttir deildarstjóri í áætla- og umhverfisdeild sátu fundinn auk nefndarmanna.

Ásbjörn Ólafsson greindi frá því að hann hefði verið skipaður formaður vinnuhóps sem á að skila tillögum um öryggisstefnu Vegagerðarinnar og öryggismál almennt. Eitt af verkefnum hópsins væri að segja til um hvort umfjöllum um öryggismál ætti samleið með umhverfismálum. Hann kynnti hugmynd um öryggisdag 29. sept. Hann kynnti einnig hugmyndir að öryggisreglum um umgengni og hegðun á vinnustað í Borgartúni.

Jóhann B. Skúlason kynnti tillögu að verklagsreglu fyrir umhverfis- og öryggisnefndirnar sem lögð var fram til kynningar á fundi formanna á Akureyri 26. apríl. Verkefnalistinn þótti nokkuð langur.

Svæðisstjóra var kynnt í stuttu máli skoðunarferð nefndarmanna um áningarstaði. Ákveðið var að skoðaðir yrðu áningarstaðir á Suðurnesjum við tækifæri og að nefndarmenn myndu gera ítarlegar tillögur um endurbætur áningarstaða fyrir sumarið 2007.

Ákveðið var að umhverfisdagur miðstöðvar og Suðvestursvæðis yrði föstudaginn 1. september í Eyvindarlundi.

Jóhann ræddi um mikla mengun sem verður suma daga á lóðinni við Hraunhelli, rætt hefði verið við yfirvöld í Hafnarfirði nokkrum sinnum en ekkert gerðist.

Í lok fundarins skoðuðu fundarmenn ónýtt rými "lögregluverkstæðið" hugsanlega verður hægt að nýta það fyrir starfsmenn.

Haustfundur 8. október.

Ásbjörn boðaði til fundarins vegna fyrirhugaðs öryggisdags. Yfirstjórn hafði þá samþykkt að haldinn yrði öryggisdagur miðstöðvar og Suðvestursvæðis og falið stafsmanastjóra að hafa samráð um hann við umhverfis- og öryggisnefnd vegna kostnaðar.

Vetrarfundur 8. nóvember.

Auk nefndarmanna sat Matthildur fundinn sem var haldinn vegna fyrirhugaðs tiltektardags. Teknar voru ýmsar ákvarðanir varðandi dagskrá, fyrirlesara, verðlaun og veitingar.

Matthildur bað nefndarmenn um að skoða nýjar verklagsreglur fyrir umhverfis- og öryggisnefndirnar og koma með ábendingar um breytingar ef þau teldu þörf á.

ÁÓ benti á að tvær af reglunum myndu væntanlega færast inn í verklagsreglur um öryggismál sem eru í smíðum.

Jóhann formaður nefndarinnar skrifaði stutta grein um endurvinnslumál sem birtist í *Innanhúss*.



Mynd 18. Á umhverfisdegi á Suðvestursvæðis í Eyvindarlundi haustið 2006. SIL.

Vettfangferð 17. maí um áningastaði

Ferðafélagar voru Jóhann B. Skúlason, Þórður V. Njálsson og Kristín Sigurðardóttir frá Suðvestursvæði og Ásbjörn Ólafsson frá miðstöð.

Lagt af stað úr Borgartúni áleiðis upp á Vesturlandsveg og þaðan á Þingvallaveg. Allir áningastaðir á þessu svæði voru skoðaðir, myndir teknar og ritað hvað betur mætti fara.

Tillögur nefndarinnar um endurbætur verða sendar til svæðisstjóra vorið 2007 þegar úttekt allra áningarstaða á SV-svæði er lokið.

Umhverfis- og öryggisdagar:

Umhverfisdagur Suðvesturssvæðis 19. maí.

Umhverfisdagurinn var haldinn eftir hádegi í starfstöðinni við Hringhelli 4 í Hafnarfirði, að loknum vorfundi Suðvestursvæðis. Unnið var í lóðinni við að snyrta, klippa, tína rusl og laga fleira sem betur mátti fara. Dagurinn endaði með frábæru grilli að hætti grillmeistarans Jóns Valgeirs og voru allir glaðir og ánægðir með gott dagsverk.

Umhverfisdagur Suðvestursvæðis og miðstöðvar 1. september.

Mættir voru 30 starfsmenn. Farið var með rútu úr Borgartúni í Hringhelli og þaðan í Eyvindarlund við Kleifarvatn. Á leiðinni voru skoðaðar nokkrar nýlegar framkvæmdir sem Jónas svæðisstjóri og Jóhann J. Bergmann kynntu.

Plantað var 400 trjáplöntum og stjórnaði Jón Valgeir Sveinsson því verki. Þegar búið var að planta var farið í boltaleiki á strönd Kleifarvatns og sáust góð tilþrif bæði unga fólksins og ekki síður þeirra sem eldri eru. Í lok dags var grillað en um það sáu grillmeistararnir Jón Valgeir og Bjarni Stefáns.

Var fólk mjög ánægt með þennan góða dag, enda gott veður og fallett umhverfi.

Öryggisdagar miðstöðvar og Suðvestursvæðis.

Haldnir voru þrjú öryggisdagar 2., 16. og 30. október og tóku um 30 starfsmenn þátt í hverjum þeirra. Ásbjörn sá um og skipulagði dagana ásamt öryggishópnum. Dagskráin var þannig:

Öryggisreglur um umgengni og hegðun á vinnustað	Öryggishópur
Húsnæði vinnustaða	Vinnueftirlitið
Notkun slökkvitækja, rýmingaræfing og skyndihjálparæfing	Öryggishópur
Líkamsbeiting og vinnutækni	Gáski - Vinnuvernd
Verkefnavinna - fólki skipt í hópa og verkefnum úthlutað	Öryggishópur
Hópar kynna niðurstöðu, umræður	Öryggishópur

Umhverfis- og tiltektardagur miðstöðvar og Suðvestursvæðis 8. desember 2006.

Dagurinn hófst á morgunkaffi og meðlæti kl. 9 og bauð Matthildur gesti velkomna.

Ásbjörn talaði í stuttu máli um verkefnið *Vistvernd í verki* sem hann tók þátt í um þær mundir.

Stefán Gíslason umhverfisfræðingur úr Borgarnesi var næstur á mælendaskrá með erindi um þá miklu þýðingu sem hver einasti einstaklingur getur haft fyrir þróun umhverfis og samfélags heima fyrir og á heimsvísu, var erindið bæði gott og fræðandi.

Matthildur þakkaði Stefáni fyrir komuna eftir að hann hafði svarað nokkrum spurningum. Hún hvatti fólk síðan til að standa sig vel í tiltektinni.

Eftir hádegisdag tók SV-svæðið á móti gestum, var þar boðið upp á góðar veitingar og ekkert til sparað.

Dómnefnd ferðaðist milli staða í byrjun og lok dags og mat árangur. Í dómnefndinni voru Jón Valgeir Sveinsson formaður, Ásrún Rúdólfsdóttir, Halldór Sveinn Hauksson og Erna Bára Hreinsdóttir.

Starfsmannafélagið stóð fyrir jólaglökk sem hófst um kl. 17 en þangað mætti dómnefndin og kynnti niðurstöður. Matthildur afhenti síðan verðlaun í fimm flokkum fyrir besta frammistöðu dagsins. Viðurkenningar, sem voru kaffi- og nammikörfur, hlutu: Véladeildin, Sigursteinn Hjartarson, Kristín A. Mattíasdóttir, Sigurður Kristjánsson og SV-svæði, sjá nánar í *Innanhúss*, 22 tbl. 2006.

Hlöðver kokkur sá um snittur og annað góðgæti á jólaglökkinni, einnig var happdrætti sem Jóhann B. og Sólveig Ýr Sigurgeirsdóttir stjórnuðu og hljómsveit hússins spilaði undir fjöldasöng, í henni eru Björn Ólafsson, Grétar Óli Sveinbjörnsson og Páll Sigurbjörnsson.

Dagurinn tókst með ágætum og fólk skemmti sér vel, þessi dagur er kominn til að vera.

Hringhelli 4, Hafnarfirði, 12. febrúar 2007

Jóhann B. Skúlason formaður.

Ársskýrsla umhverfis- og öryggisnefndar Norðurlands eystra

Fundur

Haldnir voru tveir fundir á árinu, fyrri fundurinn var 2. maí á Akureyri. Farið var yfir mannbreytingar í nefndinni, Eiríkur Bóasson tók við formennsku af Rúnari Jónssyni, Helga Aðalgeirsdóttir tók við ritarastarfi, og aðrir nefndarmenn eru Rúnar Jónsson, Kristján Bjarnason, Björn Þórisson og Guðmundur K. Jóhannesson. Helstu umfjöllunarefni voru:

- Gamla brýr í umdæminu og hvað gera skuli við þær.
- Hugmynd um að gera sólpall við nýja eldhúsið á Akureyri.
- Rætt um væntanlegt námskeiðahald á árinu.
- Ástand lóða við starfsstöðvar Vegagerðarinnar á Norðurlandi.

Seinni fundur nefndarinnar var haldinn á Þórshöfn 7. desember. Rætt var um:

- Öryggismál starfsmanna, nauðsyn á úttekt á vinnusvæðum og merkingar, einnig bent á að auka þurfi útskot fyrir keðjuskipti í umdæminu.

- Norðausturvegur um Tjörnes fékk umhverfisverðlaun Vegagerðarinnar 2006. Almenn ánægja er hjá vegagerðarfólki á Norðausturlandi með þá niðurstöðu.

Námskeið.

Í lok febrúar var haldið skyndihjálparnámskeið á Akureyri. Námskeiðið var ætlað öllum starfsmönnum Vegagerðarinnar á Norðurlandi og var mæting góð.

Umhverfisdagur.

Þann 30. júní var haldinn umhverfisdagur á Norðurlandi eystra. Farið var með rútu að bændagistingunni á Öngulstöðum þar sem Sigprúður Stella Jóhannsdóttir þjóðgarðsvörður í Ásbyrgi hélt fyrirlestur um þjóðgarða. Eftir léttan hádegisverð var farin söguferð um framanverðan Eyjafjörð. Séra Hannes Örn Blandon var leiðsögumaður og var víða komið við í Eyjafjarðarsveit. Deginum lauk síðan með grillveislu í Hymu, húsi flugklúbbs Íslands, á Melgerðismelum og þar með lauk góðum degi.



Mynd 19. Á umhverfisdegi á Norðaustursvæðis sumarið 2006. KEB.

Tiltektardagur

Þann 15. desember var haldinn tiltektardagur í starfstöðum Vegagerðarinnar á Norðausturlandi. Á Akureyri hélt Jón Hjaltason sagnfræðingur erindi á léttum nótum um menn og málefni Akureyrar fyrir á tímum. Að því loknu fór fólk í tiltektina.

Formannafundur.

Þann 27. apríl var hinn árlegi fundur formanna umhverfis- og öryggisnefnda haldinn á Hótel KEA. Eftir fundinn var farið í skoðunarferð til Ólafsfjarðar sem Hafdís Eygló Jónsdóttir stjórnaði af snilld.

Akureyri, 13. febrúar 2006, Eiríkur Bóasson formaður.

Ársskýrsla umhverfis- og öryggisnefndar Suðurlands

Fjölgun varð í nefndinni í febrúar 2006, þegar skipaðir voru nýir liðsmenn, þeir Bjarni Jón Finnsson yfirverkstjóri í Vík og Gunnar Garðarsson mælingamaður á Selfossi. Fyrir voru í nefndinni þeir Guðmundur Guðjónsson eftirlitsmaður á Selfossi og Erlingur Jensson deildarstjóri á Selfossi.

Umhverfisdagur

Umhverfisdagur var haldinn á Suðurlandi rétt fyrir þjóðhátíðardaginn. Fór hann fram í samvinnu við Landgræðsluna í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Sveinn Runólfsson Landgræðslustjóri kynnti starfsemi fyrirtækisins. Eftir hádegi voru settar niður trjáplöntur af öllum stærðum og gerðum, með leiðbeiningum og aðstoð starfsmanna Landgræðslunnar. Plantað var í gamla námu í eigu Landgræðslunnar þar sem eitt sinn var tekið mikið efni af hálfu Vegagerðarinnar. Ætlunin er að nokkrum árum liðnum að hlú betur að þessum trjám og jafnvel að stækka svæðið ef Landgræðslan mælir með því.



Mynd 20. Gamall vegur við Hofsnesebreyku, Austur-Skaftafelssýslu. EFJ.

Öryggismál

Á árinu fór fram úttekt á öryggismálum og áhættumat hjá öllum starfsmönnum og ýmsar úrbætur gerðar m.t.t. öryggis og heilsu starfsmanna. Í lok árs var m.a. farið yfir brunavarnaaðgerðir og fenginn var starfsmaður frá Brunavörnum Árnassýslu til að segja frá slökkvitækjum og fengu starfsmenn að spreyta sig á notkun þeirra úti á lóð áhaldahússins.

Umferðaröryggismál hafa verið ofarlega á baugi og færast æ framar í forgangsröðinni. Tveir starfsmenn nefndarinnar hafa unnið að nokkrum stuttum greinargerðum þar sem fjallað er um nauðsynlegar úrbætur meðfram vegunum m.t.t. þess að auka öryggi þeirra, t.d. að gera vegflána flatarí, slétta ójöfnur og fylla í ónauðsynlega skurði.

Gamlar námur

Nefndarmenn hafa verið hafðir með í ráðum við frágang gamalla náma, en til að sómi sé af og eftir verði tekið þyrftu að koma til sérstakar fjárveitingar því næg eru verkefni sem framundan eru í þeim efnum.

Engin eiginleg erindi bárust nefndinni, en miðað við starfsemi umhverfis- og öryggisnefnda Vegagerðarinnar almennt á landsvísi þá virðist helsta óvissan við umhverfis- og öryggisnefndirnar vera sú að umboð þeirra er einungis tengt hugmyndum og athugasemdum að eigin frumkvæði, þ.e.a.s. fjárhagslegt bolmagn framkominna hugmynda um beturbætur umhverfisins er háð velvilja annara.

Selfossi, 23. febrúar 2006, Erlingur Jensson formaður.

Ársskýrsla Umhverfis- og öryggisnefndar Vestfjarða

Engin fundur var haldinn í nefndinni árið 2006 en skipt var um nefndarmann. Gunnar Sigurgeirsson verkefnastjóri Ísafirði var skipaður í nefndina í stað Jón Baldvins Jóhannessonar. Margrét Högnadóttir verkefnastjóri Ísafirði tók við af Jóni Baldvini sem formaður.

Tiltektardagur

Haldinn var tiltektardagur 27. október á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík.

Námskeið

Í september hélt þjónustustöðin á Hólmavík námskeið í skyndihjálpi og meðferð slökkvitækja í samvinnu við þjónustustöðvarnar á Hvammstanga og í Búðardal.

Á tiltektardeginum á Ísafirði var haldið námskeið í meðferð og notkun slökkvitækja og einnig voru öll slökkvitæki í húsinu yfirfarin.

Á tiltektardeginum á Hólmavík hélt Arnín Ólafsdóttir skógræðingur stuttan fyrirlestur um skógrækt og gróður meðfram vegum.

Ísafjörður 22. febrúar 2007, Margrét Högnadóttir fráfarandi formaður.

Ársskýrsla umhverfis- og öryggisnefndar Vesturlands

Fundir

Haldnir voru þrjár fundir á árinu og rætt m.a um tilhögun umhverfisdega.

Umhverfisdagur

Dagurinn var haldinn við Eldborg á Snæfellsnesi þann 19. september. Þar var göngustígur lagfærður, trjágreinir sem uxu yfir göngustíginn klipptar og stígurinn grjóthreinsaður og snyrtur. Aðalverkefnið var þó að lagfæra bratta slóð upp í gíg Eldborgar sem hefur verið erfiður uppgöngu, einkum eldra fólki. Þar var sett upp kaðalhandrið, sem var fest á stálteina, og höggvin þrep í slóðina þar sem hún var bröttust. Eftir árangursríka vinnu var grillað við Snorrastaði.



Mynd 21. Á umhverfisdegi á Norðvestursvæðis. Sæmundar frá Búðardal við Eldborg sumarið 2006. AH.

Tiltektardagur

Tiltektardagur var haldinn um miðjan desember á skrifstofunni í Borgarnesi. Veitt voru verðlaun fyrir mestu framfarir við tiltekt og þrif á staðnum á tiltektardaginn. Þau verðlaun hlaut deild áætlana og hönnunarkaupa. Verðlaun fyrir snyrtimennsku í gegnum árin fékk Hjördís Karlsdóttir.



Mynd 22. Fulltrúar áætlana- og hönnunarkaupa á NV-svæði taka við verðlaunum úr hendi Guðbjargar formanns starfsmannafélagsins. AH.

Ársskýrsla umhverfis- og öryggisnefndar Norðurlands vestra

Umhverfisdagur

Umhverfisdagur var haldinn 8. september 2006. Safnast var saman við áhaldahús kl. 8:00 og ekið í Siglufjarðarskarð og gengin gamla reiðleiðin niður að Hrauni, um 4 km. Rætt var um að stika og grjóthreinsa leiðina, sem er vinsæl og falleg reiðleið og vannýtt gönguleið. Jarðföll voru skoðuð og rædd sú hugmynd að setja upp upplýsingaskilti við Hraun.

Að því loknu var ekið yfir Skarðið í Siglufjörð og skoðaðar framkvæmdir við munna Héðinsfjarðarganga.

Farið var í heimsókn til Margrétar Stefánsdóttur, matráðskonu Vegagerðarinnar og Álfs í Brennigerði, sem hlaut viðurkenningu fyrir snyrtilegustu jörðina með heilsársbúsetu í Skagafirði 2006 og til Skúla Halldórssonar flokksstjóra Vegagerðarinnar og Ernu Hólatúni 7, sem hlutu viðurkenningu fyrir fallegustu lóðina í þéttbýli í Skagafirði 2006.

Um fjögurleytið slógust makar og aðrar eftirlegukindur í hópinn við áhaldahúsið og haldið var *heim að Hólum*. Þar naut hópurinn leiðsagnar Bolla Kjartanssonar um staðinn og sýndi hann vegagerðarfólkinu göngustíga og sagði frá staðnum, uppbyggingu og áætlunum og aðstöðu fyrir ferðamenn. Kvöldverður var *Undir byrðunni* heima á Hólum. Um kl. 22 var haldið heim á leið.



Mynd 22. Starfsmenn starfsstöðvar á Sauðárkróki á umhverfisdegi 2006. VK.

Umbótaáttak

Nefndin hefur gert tékklista fyrir „Umbótaáttak í umhverfismálum“ á Norðurlandi vestra 2006 - 2007, starfsstöðvarnar á Sauðárkróki og Hvammstanga. Starfsmenn hafa fengið þennan lista og verið beðnir um að gera tillögur sem síðan er áætlað að funda um og vinna frekar með.

Tiltektardagur

Tiltektardagur var haldinn í starfsstöðinni á Sauðárkróki föstudaginn 8. desember 2006.

Umræðupunktum og tillögum um umbótaáttakið var dreift með tölvupósti. Áætlað er að yfirfara listann á árinu 2007.

Í gegnum fjarfundabúnaðinn hlýddu starfsmenn á erindi Ásbjörns Ólafssonar og Stefáns Gíslasonar frá gamla mótuneyti Borgartúni.

Óskar Óskarsson yfirmaður Brunavarna Skagafjarðar hélt síðan fyrirlestur um brunavarnir, varnarbúnað, slökkvitæki, viðbrögð og samskipti við slökkvilið.

Í hádeginu var farið út að borða í súpu og brauð í Sauðárkróksbakaríi.

Eftir hádegi var almenn tiltekt á verkstæði og skrifstofum, einnig tiltekt í tölvupósti þar sem lögð var áhersla á að hreinsa til í viðhengjaskránni og skráarsvæði yfirfarin.

Snittur og léttar veitingar í lok vinnudags á kaffistofu, glens, söngur og gaman.

Sauðárkróki, 24. maí 2007, Valgeir S. Kárason formaður og Stefán G. Indriðason

Ársskýrsla umhverfisráðs

Skipunartími ráðsins rann út í mars 2006. Það var skipuð að nýju óbreytt í lok september.

Fundir

Þar sem nefndin var endurskipuð seint á árinu var aðeins haldinn einn fundur þann 28. nóvember. Aðalfundarefni var fyrirhuguð verkefni ársins 2007, þ.e. framkvæmdaáætlun. Fyrirhugað er að leita eftir ráðgjöf verkfræði- og ráðgjafastofa við áframhaldandi innleiðingu vottunarhæfs umhverfiskerfis. Helstu verkefni verða:

- Ráðgjöf við umhverfisskýrslu
- Endurskoðun lagagreiningar
- Endurskoðun græns bókhalds
- Skráning varasamra efna
- Skilgreining þýðingarmikilla umhverfisþátta og áhrifa
- Skilgreining vöktunar fyrir þýðingarmikla umhverfisþætti
- Skilgreining stýringar fyrir þýðingarmikla umhverfisþætti

Framkvæmdaáætlunin var lögð fyrir yfirstjórn í lok ársins og kostnaðarliðir færðir í rekstraráætlun ársins 2007 sem var samþykkt.

Á árinu fundaði Matthildur B. Stefánsdóttir, með Ásrúnu Rudolfsdóttur gæðastjóra og Ásbirni Ólafssyni formanni öryggishóps um samræmda innleiðingu umhverfis-, öryggis- og gæðakerfa. Þau funduðu einnig í árslok með ráðgjöfum tveggja ráðgjafastofa um hugsanlega ráðgjöf.

Smávægilegar breytingar urðu á umhverfisstefnunni fyrir áramót. Í stað umhverfisþáttarins vegfarendur kom vegfarendur/íbúar. Stefnumiðin voru einfölduð og dregin saman. Markmið um öryggi starfsmanna féll út og fer inn í öryggisstefnuna.

Á fundi umhverfisráðs var einnig fjallað um áningarstaði. Þeir eru meira nýttir en áður og búast má við enn meiri nýtingu í framtíðinni fari ferðamönnum fjölgandi eins og spár gera ráð fyrir auk þess sem meira er girt en áður svo ferðamenn geta ekki áð hvar sem er eins og áður fyrr. Sérstaklega þarf að huga að salernisaðstöðu og ruslafötum á áningarstöðum við fjölfarnar gönguleiðir og sem eru langt frá sjoppum og bensinstöðvum. Vart hefur orðið við óvenju mikinn mannlegan úrgang með tilheyrandi pappír í kringum ákveðna áningarstaði á landinu. Mikið eftirlit þarf að vera með áningarstöðum svo vel sé en þeir eru m.a. andlit Vegagerðarinnar út á við.

Reykjavík 2. febrúar 2007. Matthildur B. Stefánsdóttir, formaður.

II Nefndir og hópar

Umhverfisráð

Á fundi yfirstjórnar 25. september 2006 var skipað í umhverfisráð Vegagerðarinnar til fjögurra ára:

Matthildur B. Stefánsdóttir deildarstjóri í áætlana- og umhverfisdeild, formaður

Einar Pálsson deildarstjóri í þjónustudeild

Helgi Jóhannesson deildarstjóri í brúadeild

Auður Eyvinds forstöðumaður hagdeildar og

Magnús Valur Jóhannesson svæðisstjóri Norðvestursvæðis.

Vinnuhópur um öryggisstefnu

Vegamálastjóri skipaði hópinn í júní 2006 ótímabundið þannig:

Ásbjörn Ólafsson formaður, öryggisvörður, miðstöð

Eva Jóhannsdóttir, öryggistrúnaðarmaður, miðstöð

Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri, Ísafjörður

Guðmundur F Guðmundsson, verkefnastjóri, Borgarnes

Helgi Sigfússon, umferðareftirlitsmaður, Reyðarfjörður

Hreiðar Jónsson, öryggistrúnaðarmaður, Selfoss

Rúnar Jónsson, öryggisvörður, Akureyri.

Umhverfis- og öryggisnefndir

Farið er yfir skipan umhverfis- og öryggisnefnda í byrjun hvers árs. Við skipan í nefndirnar er þeim tilmælum beint til svæðisstjóra að þeir reyni að jafna kynjahlutfall. Þetta er gert að ósk nefndarmanna sjálfra en þeir vilja fleiri konur í nefndirnar.

Nefndirnar voru mannaðar þannig vorið 2007:

Suðurland

Erlingur Freyr Jensson deildarstjóri Selfossi, formaður

Guðmundur I. Guðjónsson eftirlitsmaður Selfossi, öryggisvörður

Bjarni Jón Finnsson yfirverkstjóri Vík

Gunnar Garðarsson mælingamaður Selfossi

Suðvesturland

Jóhann B. Skúlason verkstjóri Hafnarfirði, formaður

Jón Valgeir Sveinsson tæknifræðingur Reykjanesi, öryggisvörður

Ásbjörn Ólafsson verkefnastjóri í þjónustudeild, öryggisvörður

Guðrún Þóra Garðarsdóttir deildarstjóri í brúadeild, öryggisvörður

Kristín Sigurðardóttir fulltrúi Reykjanesi

Vesturland

Valgeir Ingólfsson verkstjóri Borgarnesi, formaður og öryggisvörður

Björn Jónsson rekstrarstjóri Ólafsvík

Dóra S. Gísladóttir skrifstofumaður Borgarnesi, ritari

Sæmundur Jóhannsson flokksstjóri Búðardal

Vestfirðir

Pétur I. Ásvaldsson verkstæðisformaður Ísafirði, formaður og öryggisvörður
Guðbrandur Ásgeir Sigurgeirsson vélamaður Hólmavík
Sigurður B. Ásvaldsson flokksstjóri vélaverkstæði Ísafirði
Rúnar Héðinn Bollason, verkstjóri Patreksfirði
Gunnar Sigurgeirsson verkefnastjóri Ísafirði

Norðurland vestra

Valgeir Steinn Kárason verkefnastjóri Sauðárkróki, formaður og öryggisvörður
Erla Valgarðsdóttir skrifstofustjóri Sauðárkróki
Stefán G. Indriðason flokksstjóri Sauðárkróki
Trausti Björnsson vélamaður Hvammstanga

Norðurland eystra

Eiríkur Bóasson eftirlitsmaður Akureyri, formaður
Rúnar Jónsson eftirlitsmaður Akureyri, öryggisvörður
Kristján B. Bjarnason bifvélavirki Akureyri
Björn Þórisson verkstjóri Þórshöfn
Guðmundur K. Jóhannesson flokksstjóri Húsavík

Austurland

Kristinn Ó. Briem skrifstofustjóri Reyðarfirði, formaður og öryggisvörður
Ármann Ö. Magnússon vélamaður Fellabæ
Reynir Gunnarsson rekstrarstjóri Höfn
Guðjón Magnússon verkefnastjóri Reyðarfirði

Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn

Í árslok 2006 voru eftirtaldir starfsmenn öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn hjá Vegagerðinni:

Miðstöð Reykjavík

Öryggisvörður Ásbjörn Ólafsson verkfræðingur Borgartúni 7, Reykjavík

Öryggisvörður Guðrún Þóra Garðasdóttir deildarstjóri Borgartúni 7, Reykjavík

Öryggistrúnaðarmaður Einar M. Magnússon tæknifræðingur Borgartúni 7, Reykjavík

Öryggistrúnaðarmaður Eva Jóhannsdóttir tækniteiknari Borgartúni 7, Reykjavík

Suðursvæði

Öryggisvörður Guðmundur I. Guðjónsson eftirlismaður Breiðumýri, Selfoss

Öryggistrúnaðarmaður Ágúst Freyr Bjartmarsson vélamaður Smiðjuvegi, Vík

Öryggistrúnaðarmaður Hreiðar Jónsson flokksstjóri Breiðumýri, Selfoss

Suðvestursvæði

Öryggisvörður Jóhann B. Skúlason verkstjóri Hringhelli, Hafnarfjörður

Öryggisvörður Jón Valgeir Jónsson verkefnastjóri Borgartúni, Reykjavík

Öryggistrúnaðarmaður Arnar E. Ragnarsson flokksstjóri Hringhelli, Hafnarfjörður

Norðvestursvæði

Vesturland

Öryggisvörður Auðun Hálfðanarson deildarstjóri Borgarbraut, Borgarnes

Öryggistrúnaðarmaður Andrés Kristinsson flokksstjóri Borgarbraut, Borgarnes

Öryggistrúnaðarmaður Sæmundur G. Jóhannsson flokksstj. Vesturbraut, Búðardalur

Vestfirðir

Öryggisvörður Margrét Högnadóttir verkefnastjóri Dagverðardal, Ísafjörður

Öryggistrúnaðarmaður Guðbrandur Á. Sigurgeirsson Áhaldahús Skeiði, Hólmavík

Öryggistrúnaðarmaður Rúnar H. Bollason verkstjóri Mikladalsvegi, Patreksfjörður

Öryggistrúnaðarmaður Sigurður B. Ásvaldsson flokksstjóri Dagverðardal, Ísafjörður

Norðurland vestra

Öryggisvörður Valgeir Kárason verkefnastjóri Borgarsíðu, Sauðárkrókur

Öryggistrúnaðarmaður Hallmundur Guðmundsson flokksstj. Höfðabraut, Hvammstanga

Öryggistrúnaðarmaður Hringur Guðmannsson flokksstjóri Höfðabraut, Hvammstanga

Öryggistrúnaðarmaður Reynir Ö Stefánsson vélamaður Borgarsíðu, Sauðárkrókur

Norðaustursvæði

Norðurland eystra

Öryggisvörður Rúnar Jónsson eftirlitsmaður Miðhúsavegi, Akureyri

Öryggistrúnaðarmaður Björn Þórisson verkstjóri, Langholti, Þórshöfn

Öryggistrúnaðarmaður Kristján B. Bjarnason bifvélavirki Miðhúsavegi, Akureyri

Öryggistrúnaðarmaður Þórir Stefánsson vélamaður, Hauksmýri, Húsavík

Austurland

Öryggisvörður Kristinn Ó Briem skrifstofustjóri Búðareyri, Reyðarfjörður

Öryggistrúnaðarmaður Árni Þórarinsson vélamaður, áhaldahús Fellabæ, Egilsstaðir

Öryggistrúnaðarmaður Helgi Sigfússon umferðareftirlitsmaður Búðareyri, Reyðarfjörður

Öryggistrúnaðarmaður Sveinn Karlsson flokksstjóri, áhaldahús Búðaröxl, Vopnafjörður

Öryggistrúnaðarmaður Þorleifur Olsen vélamaður Víkurbraut, Höfn

Á öllum þessum stöðum eru starfandi umhverfis- og öryggisnefndir og öryggisverðir starfa í þeim.

III Yfirlit um námufrágang

Taflan gefur yfirlit yfir fullnaðarfrágang á bæði eldri námum og nýjum námum á árinu 2006.

Svæði	Námuheiti	Námunr.	Athugasemdir
Suðursvæði	Reynisdalsnáma	2150101	
Suðvestursvæði			
Norðvestursvæði	Bjarnadalsá	5011109	
	Flóka 3	5500307	
	Steðjamelur	5500304	Eftir að færa girðingu
	Norðurreykir	5180204	Leirhaugur 50 m ³
	Kolás	5011005	
	Gröf	Óskráð	Ekki í námuskrá
	Sleggjubeina	5740202	
	Móðulækur	5740405	
	Norðurhólar	5600806	
	Leysingjastaðir	5600801	Haugar í námu
	Brekkuá	5600905	Vegna framkvæmda
	Drífandagil	5600809	Vegna framkvæmda
	Hlaðhamar	6680402	
	Prestbakki	6680406	Vegna framkvæmda
	Kjörseyri	6680407	Vegna framkvæmda
	Ásmundarnes	6430403	
	Kringlumelar	7010904	
	Vatnahverfi	7740101	
	Ytri-Ey	7740208	
	Æsustaðanáma 2	7011309	Frágangur lagfærður
Norðaustursvæði	Kirkjubær	9250203	
	Malarhaugur	9011906	
	Hrísgerði	8011404	

IV Starfsleyfi

Vegagerðin er handhafi starfsleyfa skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, fyrir verkstæði og áhaldahús. Starfsleyfin eru gefin út af heilbrigðisnefndum viðkomandi sveitarfélaga. Fyrirtæki þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar ef það fellur undir Fylgiskjal 1 í fyrrnefndri reglugerð og þarf þá að skila grænu bókhaldi. Engin starfsemi Vegagerðarinnar fellur þar undir. Unnið er að skráningu starfsleyfa í skjalavistunarkerfi. Eftirfarandi upplýsingar bárust frá umsjónarmönnum fyrir lok maí 2007:

- Starfsleyfi fyrir almennt bifreiðaverkstæði hjá Vegagerðinni, Breiðumýri 2 Selfossi gildir til 26. júlí 2010.
- Áhaldahús Vík í Mýrdal. Starfsleyfið er útrunnið en sótt hefur verið um nýtt.
- Áhaldahús Höfn. Vantar upplýsingar.
- Áhaldahús og vélaverkstæði Borgarnes. Vantar upplýsingar.
- Áhaldahús Ólafsvík. Vantar upplýsingar.
- Starfsleyfi fyrir almennt bifreiðaverkstæði hjá Vegagerðinni í Dagverðardal, Ísafirði, gildir til desember 2018.
- Starfsleyfi fyrir þjónustustöðvarnar á Hólmavík og Patreksfirði eru útrunnin, verið er að sækja um þau til heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.
- Starfsleyfi vantar fyrir þjónustustöð og áhaldahús í Búðardal en sótt hefur verið um það til heilbrigðiseftirlitsins á Vesturlandi.
- Áhaldahús Hvammstangi. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands Vestra gildir starfsleyfi fyrir verkstæði til 22. ágúst 2011.
- Áhaldahús Sauðárkróki. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands Vestra rann starfsleyfi fyrir verkstæði Vegagerðarinnar á Sauðárkróki út 4.4.2006. Unnið er að endurnýjun þess.
- Áhaldahús Akureyri. Samkvæmt Heilbrigðiseftirlit Norðurlands er ótímabundið starfsleyfi í gildi fyrir áhaldahúsið.
- Áhaldahús Húsavík. Starfsleyfið var endurnýjað 18. apríl 2007 og gildir til 18. apríl 2019.
- Áhaldahús Þórshöfn. Þann 17. apríl 2007 var gerð úttekt á áhaldahúsinu, leyfið átti að vera tilbúið um miðjan maí.
- Áhaldahús Vopnafirði. Starfsleyfi var gefið út 2. apríl 2002 og endurnýjað óformlega með heimsókn heilbrigðisfulltrúa árlega. Áhaldahúsið fékk síðan nýtt starfsleyfi 20. apríl 2007 sem gildir til 20. apríl 2019.
- Áhaldahús Fellabær. Starfsleyfið rann út 2006. Úttekt 18. apríl 2007.
- Áhaldahús Reyðarfirði. Starfsleyfi fyrir trésmíðaverkstæði og viðgerðaverkstæði voru útgefin 11. nóv. 2004. Að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands er óþarft að endurnýja starfsleyfi fyrir viðgerðaverkstæðið oftar þar sem verkstæðið stendur ekki lengur undir nafni.
- Áhaldahús Hafnarfirði. Heilbrigðisfulltrúi skoðaði 2006 og taldi húsið ekki þurfa starfsleyfi.

V Umhverfis- og samfélagsverkefni sem fengu úthlutað úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar 2006

Áhrif 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 á framkvæmdir
 Áhrif veðurfarsbreytinga á rekstur vega
 Athugun á strandrofi og strandvörnum á Breiðamerkursandi
 Búnaður til mælinga á hita og vatnsborði í Skaftárkötlum
 Dýralíf í Dýra- og Önundafirði: Fjörur
 Endurfylling í vegskurði
 Endurheimt votlendis
 Er hægt að yfirfæra veðurfarsþekkingu frá núverandi "hálendisvegum" yfir á fyrirhugaða hálendisvegi?
 Greining sjónrænnar upplifunar frá vegum
 Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
 Gróður meðfram vegum
 Hlutfallslegt mat á tapi búsvæða fyrir göngufiska vegna ræsa og brúargerðar
 Katla: Könnun á kostnaði við landsamgöngur í kjölfarið á umbrotum
 Kortlagning landmótunar í Staðardal í Suðursveit
 Könnun á gildi landslags
 Lagfæring ræsa og endurheimt búsvæða göngufiska
 Landris í nágrenni Vatnajökuls
 Leiðbeiningarit um gerð umhverfissvænna þverana á íslensk vatnsföll
 NORD 2000
 Notkun lífrænna úrgangsefna við uppgræðslu námasvæða
 Nýir hávaðavísar
 Nýting svarðlags við uppgræðslu námusvæða
Oracle Spatial hjá Vegagerðinni
 Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla
 Rekstur vatnshæðarmæla
 Sjónræn áhrif í íslenskri vegagerð
 Skermun hljóðs við þjóðvegi í þéttbýli: Greining valkosta
 Skjólbelti við vegi
 Snjósmælir, 2. áfangi
 Svífryksmengun í Reykjavík
 Umhverfis- og umferðartæknileg áhrif mismunandi gatnamótalausna
 Umhverfisáhrif hákuvarna
 Uppgræðsla vegfláa með innlendum úthagategundum, 2001-2007
 Vegir á strandsvæðum: Fjarðarþveranir og fjölgun friðsælla svæða
 Vegir í flæðarmáli
 Verklagsreglur og áhættuviðmið vegna snjóflóða á þjóðvegum
 Vistferilsgreining fyrir veg með bundnu slitlagi
 Votlendi og vegagerð
Water drainage beneath Skeiðarárjökull and its effects on ice-surface velocity
 Þróun námukerfis. Námufrágangur
 Þróun og varmaástand fjallsins í Gjalp eftir gosið 1996
*Tsunami*⁷ á Íslandi
 Samfélag
 Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða, 3. áfangi
 Arðsemismat vegaframkvæmda
 Bensíneyðsla á völdum fjallvegum
 Borgargötur og breiðstræti sem umferðaræðar í þéttbýli

⁷ Flóðbylgjur vegna jarðskjálfta.

Breikkun Múlaganga með veggjaldi
Forgangsröðun í samgöngumálum, seinni hluti
Framkvæmdaferli Vegagerðarinnar
International Symposium on Earth and Planetary Ice-Volcano Interactions
Samgöngubætur og búferlaflutningar
Skipulag íbúðahverfa með tilliti til umferðaröryggis
Styrkur til Jöklarannsóknafélagsins
Sögukort Samgönguminja
Væntingar og samgöngubætur
Betri slysaskýrslur
Ferðamennska og útivist við Laka
Ferðavenjur íslendinga
Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu
Íslenskur vegagerðaratlas
Mannaflapörf og tækjanotkun í vegagerð
Notkun margmiðlunar í hugbúnaðarlausnum og miðlun rauntímaupplýsinga í vefviðmót
hugbúnaðarlausna
Nýkur – þjóðfræðirannsóknir
Samgöngubætur og búferlaflutningar
Suðurstrandarvegur í einkaframkvæmd
Sögukort samgangna á Íslandi
The automobility of icelandic novice drivers
Viðhorf íbúa til nýs vegar yfir Hornafjarðarfljót
Vulnerability and risk analysis of road infrastructure in Reykjavik

VI Árangursmarkmið

Eftirfarandi árangursmarkmið og verkefni voru valin fyrir árið 2006 fyrir meginmarkmiðið: **A.3. Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.** Upplýsingarnar eru birtar í heild sinni í ársskýrslu Vegagerðarinnar 2006.

A.3.1. Framkvæmdir taki tillit til umhverfis

- ❖ Á árinu 2006 voru teknar saman upplýsingar um það hvernig Vegagerðinni hefur tekist að uppfylla þær kröfur sem settar eru varðandi umhverfi og mat á umhverfisáhrifum. Eins og fram kemur í skorkorti Vg. náðust tvö af þremur settum markmiðum árið 2006. Reglur um innra mat á umhverfisáhrifum voru uppfylltar á einu svæði Vegagerðarinnar en nokkuð vantar upp á hjá öðrum svæðum.

A.3.1.1. Fjöldi verka þar sem reglur eru uppfylltar á innra mati á umhverfisáhrifum verði a.m.k. 80%

	Markmið	Rauntölur
2006	80%	41%

A.3.1.2. Fjöldi uppfylltra skilyrða í mati á umhverfisáhrifum verði 100%

	Markmið	Rauntölur
2006	100%	100%

A.3.1.3. Endurheimt votlendi á móti röskuðu votlendi verði 100%

	Markmið	Rauntölur
2006	100%	100%

A.3.2. Frágangur efnisnáma

- ❖ Samkvæmt langtímaáætlun um frágang á gömlum efnisnánum hefur Vegagerðin á undanförunum árum sett sér það markmið að ganga frá 60 námum á ári. Enn er langt í land að ná því markmiði. Ekki hafa verið sérstakar fjárveitingar til þessa liðar.

A.3.2.1. Fjöldi frágenginna náma 60 á ári

	Markmið	Rauntölur
2004	60	39
2005	60	26
2006	60	23

A.3.3. Draga úr mengun

- ❖ Unnið hefur verið að því að draga úr notkun white spirits við lögn klæðinga með ýmsum hætti og stefnt að því að hætta notkun þess með því að nota önnur minna skaðleg efni til þynningar á biki.

A.3.3.1. Hlutfall white spirit á móti heildarnotkun á biki $\leq 9,5\%$

	Markmið	Rauntölur
2006	9,5%	9,3%

A.3.4. Efla umhverfisvitund

- ❖ Til þess að bæta sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa hefur verið unnið að því að gera starfsmenn meðvitaða um umhverfið. Starfandi eru umhverfisnefndir á starfsstöðvum Vegagerðarinnar og víða hefur verið komið á sérstökum umhverfisdögum til að gera alla starfsmenn virkari þátttakendur í umhverfismálum. Frammistaða umhverfisnefnda er mæld eftir því hvort haldnir eru umhverfis dagar og hvort skýrslum um störf nefndanna sé skilað.

A.3.4.1. Skil á ársskýrslum umhverfisnefnda og haldinn umhverfisdagur á vegum hverrar nefndar verði 100%

	Markmið	Rauntölur
2006	100%	100%

A.3.5. Spara auðlindir

- ❖ Vegagerðin hefur sett fram það mælanlega markmið að draga úr pappírnotkun. Teknar eru saman upplýsingar um innkaup á fjölnotapappír og sérpappír í örkum, s.s. ljósmyndapappír, umreiknað í stærð A4. Á árinu 2006 voru innkaup á þessum pappír 835.000 arkir og náðist því markmiðið.

A.3.5.1. Pappírnotkun verði $\leq 1.200.000$ arkir

	Markmið	Rauntölur
2006	1.200.000	835.000

A.3.6. Bæta umhverfi vegfarenda

- ❖ Bundið slitlag á vegum bætir verulega það umhverfi sem vegfarendur ferðast í og er lenging á bundnu slitlagi sett fram sem mælikvarði á bætt umhverfi vegfarenda. Á undanförunum árum hefur Vegagerðin unnið að því að koma upp áningastöðum meðfram vegum. Áningastaðirnir eru mismunandi en ekki hefur verið til flokkun á þeim. Sem fyrsta skref í að meta ástand og umhirðu áningastaða var sett það markmið fyrir árið 2006 að ganga frá flokkun þeirra, en ekki tókst að ljúka því verkefni.

A.3.6.1. Nýlögn slitlaga verði a.m.k. 100 km/ári m.v. þriggja ára meðaltal

	Markmið	Rauntölur
2004-2006	100	90

A.3.6.2. Flokka áningastaði og búa til matskerfi

- ❖ Ekki tókst að ljúka flokkun áningastaða og búa til matskerfi á árinu 2006.